



Gleðileg jól

og farsælt komandi ár,  
þökkum fyrir samskiptin á liðnu ári.

*Landssamband lögreglumanna*



- LÖGREGLU -

**MAÐURINN**

3. tbl. - 2014

# MAÐURINN

3. tölublað - 30. árgangur 2014 - 81. blað



Ritstjóri og  
Ábyrgðarmaður:  
Snorri Magnússon  
formaður LL



Starfsmaður LL:

Guðlaug Hreinsdóttir  
skrifstofustjóri

Forsíðumynd:  
Svavar Ellertsson

Teikning á bls. 2:  
Logi Jes Kristjánsson

Aðrar myndir:  
Júlíus Sigurjónsson og fl.

Lögreglumaðurinn  
er gefinn út af Landssambandi  
lögreglumanna



ll@logreglumenn.is  
www.logreglumenn.is



## Efnisyfirlit...



### Smásjáin

Smásjáin er nýr dálkur sem nú hefur göngu sína 4



### Big Jake Bjarnason – ljúfi risinn

8



### Viðtal við Ingimund Helgason

fyrirverandi aðalvarðstjóra á Seltjarnesi 16



### Erlendar fréttir

18



### Íþróttir

23

## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- ◆ Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundu. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- ◆ Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- ◆ Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- ◆ Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fer sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- ◆ Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- ◆ Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

Á tímamótum er vert að renna yfir farinn veg. Áramót eru t.d. tímamót. Jól og hátíðir hvers konar eru t.d. tímamót.

Einhverjir kynnu að spyrja sig, á tímamótum, hvort leið þeirra, hingað til, hefði verið til góðs? Enn aðrir kynnu að spyrja sig hvort leið þeirra hingað til hefði skilað einhverju? Hvort þeir hefðu lagt eitthvað að mörkum sem máli skipti? Hvort þeir hefðu eitt degi hversdagsins í andlaust þvaður um ekki neitt; eitthvað sem skipti heildina engu en þá sjálfa öllu? Hvort þeir hafi lagt sitt að mörkum eða hvort þeir hafi þagað þunnu hljóði og ætlast til að aðrir - allt aðrir en þeir sjálfir - "redduðu" þeirra málum. Hver svo sem þeirra mál kynnu að vera.

Á tímamótum er vert að velta ýmsu fyrir sér. Á tímamótum stendur tíminn, í sjálfu sér kyrr, og amstur hversdagsins angrar ekki. Á tímamótum er von. Von um eitthvað nýtt og betra. Von um nýtt upphaf!

Á tímamótum er hinsvegar ekki hægt að setjast niður og hugsa um það sem var eða það sem hugsanlega hefði orðið ef eitthvað hefði verið með öðrum hætti en það er og var.

Tímamót skilja fortíðina eftir í sjálfri sér og framtíðina ókannaða. Tímamót gera það að verkum að ekki er hægt að snúa til baka og velja upp á nýtt. Tímamót setja ákvarðanir dagsins í gær í algerlega nýtt samhengi og gera það að verkum að hver einstaklingur þarf að upphuga sjálfan sig og líf sitt upp á nýtt. Hver einstaklingur þarf að líta til baka og hugsa, fyrir sig, hvort hann eða hún hafi hugsað eða framkvæmt rétt vegna þess sem á undan er gengið. Það hinsvegar stoðar ekkert að dveljast í fortíðinni nema til þess eins að læra af henni

Í dag eru tímamót. Dagurinn í dag og dagurinn í dag mætast. Í gær var eitthvað sagt, sem orsakaði ákvörðun gærdagsins. Í dag hefði hið sama mögulega ekki verið sagt – a.m.k. ekki í ljósi vitneskju dagsins í dag.

Þrátt fyrir ótal tímamót er það í raun stóruandlegt að lesa yfir greinar og leiðara eldri tölublaða Lögreglumansins. Ótal greinar og leiðarar, í gegnum ár og áratugi, fjalla um léleg launakjör; slakan aðbúnað; úr sér gengna og gamla lögreglubíla; lélega starfsaðstöðu t.d. inni á lögreglustöðvum; skort á einkennisfatnaði og öðrum búnaði; óbilgirni ríkisvaldsins er kemur að kjarasamningum; lausa kjarasamninga svo mánuðum og árum saman í trássi við starfsmannalögin; svik við efnidir ákvæða kjarasamninga o.fl., o.fl. í þessum dúr.

Enginn er spámaður í eigin landi! Enginn, sem þarf að taka ákvörðun í dag, veit hvaða afleiðingar sú ákvörðun kann mögulega að hafa á morgundaginn eða ákvarðanir annarra sem byggja á ákvörðun dagsins í dag.

Á ákvæðnum tímamótum er því þannig komið að ekki verður lengra haldið. Taka þarf ákvörðun! Ljóst er að alls ekki allir verða ánægðir með viðkomandi ákvörðun en ákvörðun þarf að taka eigi að síður.

Við töku ákvarðana, er t.d. lúta að kjarasamningum, er ljóst að samþykki félagsmanna viðkomandi stéttarfélags þarf til samþykktar ákvörðun viðkomandi samninganeftindar um að lengra yrði ekki komist í viðræðum. Það kemur því verulega á óvart, sé horft til undangenginna ákvarðana, sem og umræðu – ekki einungis liðinna ára, heldur áratuga – að sjá það, svart á hvítu, að kjarasamningar lögreglumanna hafa, nær undantekningalaust, verið samþykktir með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða – að undanteknu einu sinni – þegar þeir hafa verið lagðir í dóm félagsmanna. Þegar svo landið er kannað, í kjölfar atkvæðagreiðslu, kannast enginn lögreglumaður (mjög fáir a.m.k.) við það að hafa samþykkt viðkomandi kjarasamning í atkvæðagreiðslu um hann.

Í ljósi alls þess, sem á undan er gengið, er augljóst að mikil óánægja er á meðal lögreglumanna um kaup þeirra og kjör. Sem, satt best að segja, kemur dálítið á óvart m.v. niðurstöðu kosninga um þeirra eigin kjarasamning!

Lögreglumenn hafa verið án verkfallsréttar í bráðum þrjátíu (30) ár. Allan þann tíma, sem lögreglumenn hafa verið án verkfallsréttar – og reyndar fyrir þann tíma líka – hafa þeir þurft að standa í ströngu við að ná fram réttmætum leiðréttingum á launum sínum og öðrum kjörum og aðbúnaði. Enn þann dag í dag þurfa þeir að standa í ströngu þrátt fyrir að ríkisvaldið hafi litið svo á, á þeim tíma, að lögreglumenn væru svo



mikilvæg stétt í samfélaginu til viðhalds öryggi borgaranna, sem og réttaröryggi í landinu að óhugsandi væri að þeir gætu farið í verkfall til að knýja á um réttmætar launa- og kjarabætur. Það er kannski tími til kominn að ríkisvaldið, á þessum tímamótum, fari í söguskoðanir í skjalasöfnunum sínum og rifji upp hvers vegna það ákvað það, fyrir um þrjátíu árum síðan, að svipta lögreglumenn verkfallsrétti sínum. Rifji þá upp í leiðinni þau loford sem þá voru höfð uppi um launakjör lögreglumanna og hvernig ríkisvaldið ætlaði að tryggja það að lögreglumenn dragjust ekki aftur úr öðrum hópum samfélagsins í launakjörum. Það var nefnilega einu sinni þannig að í kjölfar verkfalls opinberra starfsmanna árið 1977 fór ríkisvaldið að hafa af því verulegar áhyggjur hvað yrði ef lögreglumenn færu í verkfall. Þannig var það að í september árið 1984 fékk þáverandi dómsmálaráðherra minnisblað um verkfall lögreglumanna. Það er mjög fróðlegt að glugga í svona gömul skjöl því í þeim sjást áhyggjur stjórnvalda hverju sinni í tengslum við tiltekin mál. Í þessu tiltekna minnisblaði má m.a. lesa eftirfarandi:

*„Að lokum skal áréttað, að af sparnaðarlegum ástæðum er fjöldi lögreglumanna ævinlega í lágmarki og því erfitt að hugsa sér fækkun í lögreglunni í verkfallinu, og því er best að allir lögreglumenn verði að störfum, einnig þeir, sem jafnaðarlega vinna við umferðarfræðslu og aðra slíka þætti lögreglustarfa, sem draga má úr, enda er það á valdi lögreglustjóra að fela þessum lögreglumönnum hver þau lögreglustörf sem hann ákveður.*

*Að endingu skal á það bent, að heppilegast af öllu í framtíðinni væri að breyta lögum nr. 56/1972 um lögreglumenn á þann veg, að lögreglumönnum væri bannað að fara í verkfall.“*

• Feitletrun texta hér að ofan er greinarritara.

Við frekari söguskoðun má m.a. finna ýmislegt fróðlegt í úrskurðum kjaradeilunefndar frá árinu 1977, t.d. eftirfarandi:

*„Kjaradeilunefnd hefur kynnt sér sjónarmið lögreglumanna og yfirstjórnar lögreglunnar varðandi störf lögreglumanna, ef til verkfalls kemur. Er m.a. upplýst, að menn vantar í 20 stöður lögreglumanna í Reykjavík og að unnin er mikil yfirvinna af lögreglumönnum um land allt.*

*Að þessu athuguðu telur kjaradeilunefnd ekki fært annað en að lögreglumenn starfi almennt áfram, þótt til verkfalls komi. Samþykkt nefndarinnar nær þó ekki til eftirtalinnar starfsþátta lögreglumanna: Útgáfu skírteina og leyfa, skráningu á spjaldskrár, afhendingu óskilamuna, starfsemi lögregluskólans, umferðarfræðslu og sektainnheimtu. Þá er ekki gert ráð fyrir að lögreglumenn starfi að almennri fyrirgreiðslu sem lögreglumenn veita og ekki telst öryggisgæsla og gert er ráð fyrir að eftirlitsstörf verði í lágmarki. Varðandi rannsóknarstörf lögreglumanna er ekki gert ráð fyrir að unnin séu þau störf, sem þola bið öryggis vegna.“*

Svo athyglisverð og mörg voru þau orð og þarna kemur berlega fram, það sem lögreglumenn reyndar vita mæta vel sjálfir, að löggæsla á Íslandi er að jafnaði rekin á algjörum lágmarksmannskap (reyndar mjög oft talsvert þar undir) sem til verksins þarf í raun og veru.

Kjarasamningar eru tímamót. Kosningar um kjarasamning eru t.d. tími til að láta í ljós skoðun sína og álit! Ef allt er í himnalagi er augljóst að skoðunin og álitin verður jákvætt, sem aftur gefur yfirlýsingar inn í framtíðina og þau tímamót sem á eftir kunna að koma. Ef engin er ánægjan með kaup og kjör hlýtur skoðunin og álitin að vera allt annað en jákvætt. Í ljósi þeirrar staðreyndar að lögreglumenn hafa ekki verkfallsrétt og geta þ.a.l. ekki knúð á um raunverulegar og raunhæfar launa- og kjarabætur með verkfallsaðgerðum, líkt og t.d. lækna geta verið að gera undanfarnar vikur, er sú ein leið fær fyrir lögreglumenn, til að láta í ljósi skoðun sína á kjaralegri stöðu stéttarinnar að hreinlega segja nei í kosningum um niðurstöðu kjarasamninga.

**Snorri Magnússon**  
formaður LL



Smásjáin er nýr dálkur sem nú hefur göngu sína í Lögreglumanninum. Markmið Smásjárinnar, undir formerkjum gagnrýnnar hugsunar, er í senn að rýna í og reyna að læra af mistökum við lögreglustörf sem og að hampa vönduðu verklagi.



Veturlíði Þór Stefánsson



Guðmundur Haukur Gunnarsson

## Gæta þarf fyllstu hlutlægni og réttssýni

Líkt og öðrum fagstéttum er lögreglumönnum það mikilvægt að læra af mistökum sínum, jafnt sem annarra í starfi, sem og að vera meðvitaðir um bestu framkvæmd lögreglustarfa á hverjum tíma. Hnykket er á þessari fagskyldu með óbeinum hætti í 3. mgr. 3. gr. siðareglna lögreglu þar sem fram kemur að „Lögreglunni ber að viðhalda þekkingu sinni og færni.“ Þá segir m.a. í 4. gr. siðareglanna að „Starfsmönnum lögreglu ber að sýna árvegni í starfi sínu og kunna glögg skil á skyldum sínum og þeirra ábyrgð sem starfinu fylgir. Þeim ber að rækja starfa sinn af kostgæfni og samvisku og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttssýni.“

Að frátalinni hugsanlegri umfjöllun í símenntunaráföngum í Lögregluskóla ríkisins, sem útskrifuðum lögreglumönnum stendur til boða með ákveðnu árabili, virðist lítið fara fyrir opinberri gagnrýni á verklag og vinnubrögð lögreglumanna meðal þeirra sjálfra. Þá er oft djúpt á hrósið. Þeir sem eru hvað duglegastir að gagnrýna lögregluna opinberlega eru fyrst og fremst fjölmiðlar, og dómstólar þegar þeir dæma í málum sem varða vinnubrögð lögreglunnar. Smásjáin er að nokkru leyti ætlað að bæta úr þessum skorti á sjálfs gagnrýni og hólí, og er markmið hennar, undir formerkjum gagnrýnnar hugsunar, í senn að

rýna í og reyna læra af mistökum við lögreglustörf sem og að hampa vönduðu verklagi. Með því að draga lærdóm af mistökum má fyrirbyggja að þau endurtaki sig og það að vekja athygli lögreglumanna á vönduðu verklagi er til þess fallið að auka færni þeirra og gæði lögreglustarfa. Á enskri tungu er þessi nálgun nefnd „lessons learned“ sem á íslensku merkir „að draga lærdóm af“ eða „lært af reynslunni.“

Fyrirmyndin að Smásjáinni er einkum sótt til Englands og Wales, en þar hefur um nokkurra ára skeið starfað sjálfstæð kæruneftnd sem ber heitið *Independent Police Complaints Commission (IPCC)*. Nefndin hefur einkum það hlutverk að rannsaka kvartanir vegna starfa lögreglu og móta bestu framkvæmd innan lögreglunnar á sviði kvartanamála. Þegar um alvarlegri kvartanamál er að ræða er lögreglunni skylt að vísa máli beint til nefndarinnar sem rannsakar það þá sjálf. Nefndinni er ætlað tryggja og viðhalda trausti almennings á kvartanakerfinu. Til að móta og bæta verklag lögreglu, og til að tryggja það að ábyrgð sé öxluð innan lögreglunnar vinnur nefndin samantektir (e. *Lessons Learned Bulletins*) og skýrslur (e. *Reports*) upp úr málum, sem lærdóm má draga af, og gefur út opinberlega á heimasíðu sinni. Í samantektunum er gætt nafnleyndar og eru þær m.a. unnar í

samvinnu við lögreglustjórafélagið, lögregluskólann og lögreglufélagið í Englandi og Wales.

Hérlendis fæst aðgangur að málum, sem varða verklag lögreglumanna, aðallega í gegnum lestur dagblaða, héraðsdóma og hæstaréttardóma. Í Smásjónni, a.m.k. til að byrja með, verður aðallega reynt að rýna í hæstaréttardóma sem varða lögreglumálefni, með einum eða öðrum hætti, til að draga af þeim lærdóm.

Hér er í upphafi er þó mikilvægt að slá varnagla varðandi viðfangsefni Smásjárinnar. Nafnleyndar verður gætt í allri umfjöllun. Í hinu litla samfélagi okkar er engu að síður viðbúið að lögreglumenn muni í Smásjónni rekast á umfjöllun og athugasemdir varðandi eigin verk eða samstarfsmanna sinna, þótt nafnleyndar sé gætt. Þá er mikilvægt að fírrast ekki við og hafa í huga tilgang Smásjárinnar, sem er sá að reyna að draga lærdóm af orðnum hlut, í þeim tilgangi að auka færni lögreglumanna. Hér er fyrst og fremst verið að rýna í verklagið, óháð því hver vann verkið, og leitast við að leggja mat á það hvort bestu framkvæmdar hafi verið gætt eða hvort eitthvað hafi betur mátt fara. Jafnframt að koma með tillögur að betri nálgun ef því er að skipta, sem og að varpa fram spurningum til frekari ígrunnunar.

Vert er að nefna að síðareglur lögreglunnar sem vitnað var til hér að framan hafa, skv. 1. gr. þeirra, viðtækt gildissvið og gilda um allt starfslið lögreglu, þ.m.t. lögreglustjóra, lögreglumenn, löglærða fulltrúa og saksóknara við embætti lögreglustjóra. Það er von höfunda að umfjöllunarefni Smásjárinnar geti einnig nýst lögreglustjórum og lögfræðingum.

Í þessar fyrstu Smásjá eru teknir til skoðunar þrjú hæstaréttardómar sem varða mikilvæga verkþætti lögreglunnar. Í fyrsta málinu mótar hæstiréttur Íslands skýra reglu um það hvenær lögreglumenn geta, á grundvelli 15. gr. lögreglulaga, farið inn á heimili, án dómsúrskurðar, þegar óttast er um húsráðanda eða aðra sem staddir eru í húsnæðinu. Í svokölluðu ritalínamáli sjáum við hvernig vandað verklag á vettvangi ræður úrslitum við sakfellingu þegar sakborningur fellur frá játningu á síðari stigum máls. Í síðasta dómnum sést svo hvernig ónákvæmar ljósmyndir lögreglu, af hnífum, leiddu til sýknu varðandi meint vopnalagabrot.

### **Heimild til að fara inn á heimili án dómsúrskurðar (í aðstodarskygni)**

Dómur hæstaréttar í máli nr. 311/2014 er fyrir margra hluta sakir mjög áhugaverður hvað viðkemur starfi lögreglumanna. Málavextir voru þeir að konan A höfðaði mál gegn ríkinu og krafðist þess að viðurkennd yrði skaðabótaskylda vegna ólögmatrar nauðungarvistunar A frá 16. júní til 1. júlí árið 2010. Í dómi hæstaréttar kom fram að tilefni hefði verið fyrir lögreglu til að óttast um andlega heilsu A og því verið heimilt með vísan til lögreglulaga (15. gr.) að fara inn á heimili hennar. Var því ekki fallist á að lögregla hefði brotið gegn réttindum hennar samkvæmt ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi heimilisins (1. mgr. 71. gr.).

Þá taldi hæstiréttur að heimilt hefði verið að flytja A nauðuga á geðdeild og vista hana þar á grundvelli lögræðislagar (3. mgr. 19. gr.). Að virtu vottorði utan- aðkomandi sérfræðings og upplýsinga í sjúkraskrá A var á hinn bóginn talið að ekki hefðu verið uppfyllt skilyrði til að vista A nauðuga á geðdeildinni eftir 27.

júní 2010. Var því skaðabótaskylda ríkisins fyrir þetta tímabil vistunarinnar viðurkennd. Í dómnum má lesa eftirfarandi lögskýringu réttarins á stöku lagaákvæði sem er mjög ítarleg og leiðbeinandi fyrir lögreglu, og mætti með góðum rökum túlka sem ígildi lagasetningar (leturbreytingar eru greinarhöfunda):

„Að teknu tilliti til þessa **verður að játa lögreglu heimild til þess** á grundvelli 2. mgr., sbr. 1. mgr. 15. gr. þeirra laga [lögreglulaga] **að fara, ef nauðsyn krefur, inn á heimili manna þótt ekki liggi fyrir samþykki þeirra til að ganga úr skugga um hvort eitthvað alvarlegt ami að þeim eða öðrum** sem þar kunna að dvelja.

- *Slík heimild til handa lögreglu samrýmist því viðhorfi sem ríkir í íslensku þjóðfélagi að stjórnvöldum beri að láta sig varða velferð fólks, svo framarlega sem ekki sé vegið að grundvallarréttindum borgaranna.*
- *Þó verður að setja heimild sem þessari þröngar skordur, meðal annars með tilliti til sjónarmiða um meðalhóf.*
- *Þannig verður að gera þá kröfu til lögreglu að hún fari ekki inn á heimili nema ærin ástæða sé til. Einnig er lögreglumönnum skylt að knýja á dyr og tilkynna að þar sé lögregla á ferð áður en þeir fara inn.“*

### **Ritalín málið**

Dómur hæstaréttar í svokölluðu ritalínamáli, nr. 193/2014 sýnir meðal annars hve mikilvægt það er fyrir lögreglumenn að skrifa vandaða og greinargóða vettvangsskýrslu þegar í upphafi máls. Mál virðast geta staðið og fallið fyrir dómi á grundvelli vettvangsskýrslu.

Í málinu var J ákærður (og síðar sakfelldur) fyrir lyfjalagabrot, n.t.t. fyrir að (a) hafa selt konu nokkurri 10 töflur af lyfinu ritalín og (b) átt í vörslum sínum 109 töflur af ritalíni í sölu- og dreifingarskygni, án þess að hafa markaðs- og lyfsöluleyfi Lyfjastofnunar.

Tveir lögreglumenn höfðu staðið J að verki og tekið skýrslur af honum og kaupanda á vettvangi. J játaði strax á staðnum að hafa selt konunni 10 töflur af ritalíni, sem og að hafa ætlað sér að gefa, nota og selja hinar töflurnar 109 sem hann hafði í fórum sínum. Hann undirritaði einnig á vettvangi skýrslu þar sem hann játaði brotið. Kaupandinn játaði líka á vettvangi að hafa keypt 10 ritalín-töflur af J og undirritaði þá þegar skýrslu þ.a.l.

Þegar málið kom fyrir dóm bökkuðu sakborningar báðir út úr fyrri framburði og drógu játningar sínar til baka. Lögreglumennirnir tveir komu hins vegar fyrir dóminn og staðfestu að atvikin hefðu verið með þeim hætti sem lýst var í vettvangsskýrslum þeirra. Meirihluti hæstaréttar sakfelldi í málinu með svohljóðandi orðalagi:

„Fyrirgreindir lögreglumenn komu báðir fyrir dóm og staðfestu að atvik hefðu verið með þeim hætti sem greindi í skýrslum sem teknar voru á vettvangi. Er fallist á með hinum áfrýjaða dómi að afturhvarf frá fyrri framburði sé ótrúverðugt og sannað sé að ákærði hafi selt ofangreindri konu 10 stykki af Ritalíni. Er ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi. Jafnframt er sannað með játningu ákærða á vettvangi og framburði ofangreindra lögreglumanna fyrir dómi að ákærði hafi ætlað sér að selja hluta þess Ritalíns sem hann var með í fórum sínum umrætt sinn.“

*Í þessar fyrstu Smásjá eru teknir til skoðunar þrjú hæstaréttardómar sem varða mikilvæga verkþætti lögreglunnar. Í fyrsta málinu mótar hæstiréttur Íslands skýra reglu um það hvenær lögreglumenn geta, á grundvelli 15. gr. lögreglulaga, farið inn á heimili, án dómsúrskurðar, þegar óttast er um húsráðanda eða aðra sem staddir eru í húsnæðinu.*

# *Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi*

## **Reykjavík**

A. Margeirsson ehf	Eico ehf	HM Flutningar ehf-www.sendibill.net	Ljósín í bænum
A. Wendel ehf	Eignamiðlunin ehf	Hornið veitingastaður	Logy.is
Advania höfuðstöðvar	Eignaumsjón hf	Hótel Frón ehf	Lögafli-lögmansstofa
Aðalvík ehf	Eik fasteignafélag hf	Hótel Leifur Eiríksson ehf	Lögfræðiskrifstofa Tryggva Viggóssonar
Alþýðusamband Íslands	Endurskoðun og reikningsskil hf	Hótel Viðey ehf-4th Floor Hotel	Lögmannafélag Íslands
Arctic Trucks Ísland ehf	Esju-Einingar ehf	Hreinsitækni ehf	Lögmansstofa Rúnars S Gíslasonar
Arev verðbréfafyrirtæki hf	Ferðafélag Íslands	Hreyfill	Lögmenn Árbæ slf
Arkform	Ferskar kjötvörur hf	Hreysti ehf	Lögmenn Höfðabakka ehf
Atlantsflug ehf	Ferskt sjávarfang ehf	Höfðakaffi ehf	Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf
Auðmerkt ehf	Félag skipstjórnarmanna	ÍÐAN-Fræðslusetur ehf	Lögmenn Laugavegi 3 ehf
Augað gleraugnaverslun	Fiskafurðir-umboðssala ehf	Inter ehf	Lögstofan
Auglýsingastofan ENNEMM	Fjallamenn-Mountaineers of Iceland	Invent Farma ehf	Lögver ehf
Austur-Índíafélagið ehf	Forsæla-apartmenthouse	Íbúðagisting.is	Löndun ehf
Á.T.V.R.	Fraktflutningar ehf	Ísaga hf	Margt smátt ehf
ÁH lögmenn slf	Frami, félag leigubífreidastjóra	Ísbúð Vesturbæjar ehf	Matthías ehf
Áman ehf	Frysti- og kæliþjónustan ehf	Ísfrost ehf	Málarameistarar ehf
Ásbjörn Ólafsson ehf	Frystikerfi ehf	Íslenska Gámafélagið ehf	Málmtækni hf
B. Ingvarsson ehf	FS Flutningar ehf	Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf	Mentis Cura ehf
B.Á. Múrverk ehf	Fylkir ehf	Ísmar ehf	Merkismenn ehf
B.B.P. Verktakar hf	G G-lagnir ehf	Ísold ehf	MS Armann skipamiðlun ehf
Bakkus ehf	Gagnaeyðing ehf	Ís-spor ehf	Múlakaffi
Balance ehf	Gagnaöryggi ehf	J. S. Gunnarsson hf	Múlaradíó ehf
Barnalæknaþjónustan ehf	Gallerí Fold	JE Skjanni ehf, byggingaverktakar	Mörkin Lögmansstofa hf
BBA/Legal ehf	Garðmenn ehf	Jóhannes Long ljósmyndari	Nesradíó ehf
Bending 1 ehf	Garðs Apótek ehf	Jónar Transport hf	Nexus afþreying ehf
Bífreiðaverkstæði Svans ehf	GB Tjónaviðgerðir ehf	Jónatansson & Co lögfræðistofa ehf	Nortek ehf
Birtingur ehf	Geiri ehf, umboðs- og heildverslun	JP Lögmenn ehf	Nýi ökuskiðlinn ehf
Bílaleigan Hertz	Geotek ehf	K. H. G. Þjónustan ehf	Ófnasmiðja Reykjavíkur ehf
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar	Gjögur hf	K. Pétursson ehf	Ólafur Gíslason & Co hf-Eldvarnarmiðstöðin
Bílaréttingar og bílasprautun Sævars ehf	Gjörvi ehf	K-R-S-T Lögmenn	Ósal ehf
Bílasmiðurinn hf	Glerpró ehf	Kaffi París	Pétur Stefánsson ehf
Bilfang ehf	Gloggasmíðjan ehf	Kaffibarinn ehf	Pixel ehf
Bílrúðan ehf	Gray Line Iceland	Kemi ehf-www.kemi.is	Pixlar ehf
Björgun ehf	Grettir Guesthouse ehf	Kjöthöllin ehf	Plast-miðar og tæki ehf
Björnsbakarí ehf	GT-bílar ehf	Klettur-sala og þjónusta ehf	Poulsen ehf
BK fasteignir ehf	Guðmundur Arason ehf, smíðajárn	Klipphúsið ehf	Pósturinn
BK kjúklingar	Guðmundur Jónasson ehf	Knattborðsstofan Klöpp ehf	Prentsmíðjan Leturprent ehf
Blaðamannafélag Íslands	Gull- og silfursmíðjan Erna ehf	Knattspyrnusamband Íslands	Proline ehf
Blikksmiðjan Glófaxi hf	Gullsmíðurinn í Mjódd	Kolibri ehf	Prófilm,kvikmyndagerð
Blikksmiðurinn hf	Gunnar Örn, málningarþjónusta	KOM almannatengsl	Prófilstál ehf
Blómabúðin Hliðablóm	Gúmmisteypa Þ. Lárusson ehf	Kone ehf	Pure Spirits ehf
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf	Hafgæði sf	Kortþjónustan hf	Rafax ehf
Boozt bar	Hagi ehf-Hilti	Kringlan	Rafey ehf
Borgarbilastöðin ehf	Hamborgarabúlla Tómasar	Kvik þjónustan ehf	Rafna ehf
Bókhaldsstofa Arnar Ingólfssonar ehf	Hamborgarabúlla Tómasar-Við erum öll jöfn	Kælitækni ehf	Raflex ehf
Bólstrarinn ehf	Happdrætti Háskóla Íslands	LAG-Lögmenn sf	Rafskoðun ehf, faggilt skoðunarstofa
Bólstrun Ásgríms ehf	Happy Campers ehf	Lagnalagerinn ehf	Rafstilling ehf
Breiðan ehf	Hár Class hársnyrtistofa	Landfestar ehf, fasteignafélag	Rafstjórn ehf
Bustravel-Pingvallaleið	Hárgreiðslustofan Aþena	Landslagsarkitekt Mogensen ehf	Rafsvið sf
Búálfurinn	Hárlausnir ehf	Landsnet hf	Raftækjaþjónustan sf
Búseti svf	Hársnyrtistofan Höfuðlausnir	Landssamtök lífeyrissjóða	Rafver hf
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf	Heimilisprýði ehf	Lausnir lögmansstofa ehf	Rafviðgerðir ehf
City Car Rental	Hereford Steikhús ehf	LC Ráðgjöf ehf, stjórnunar- og rekstrar-ráðgjöf	Rafþjónustan slf
City Taxi, leigubílastöð	Herrafataverslun Birgis ehf	Leiguval ehf	Rannsóknarnefnd samgönguslysa húsi
Danica sjávarafurðir ehf	Hilmar D. Ólafsson ehf	Litamálnun ehf	FBSR
Dental stál ehf	Hjá Dóra ehf, matsala	Ljósafoss ehf	Ratsjá ehf
Draupnir lögmansþjónusta ehf	Hjá Guðjón Ó ehf	Ljósablik ehf	Ráðgjafar ehf
E. Sigurjónsson lögmansstofa ehf	Hjá Jóa Fel, brauð og kökulist	Ljósablik rafverktakar ehf	Reykjavík Motor Center ehf
Efling stéttarfélag	Hljóðfærahúsið ehf	Ljósaboginn ehf	Reykjavík4you ehf, íbúðarhótel



Af lestri dómsins má draga þá ályktun að sakfellingin í málinu grundvallast ekki síst á eftirfarandi vinnubrögðum lögreglumannanna:

- Játning fengin strax í upphafi máls á vettvangi.
- Lögreglumennirnir gerðu strax vettvangsskýrslur sem voru undirritaðar af sakborningum á staðnum.
- Lögreglumennirnir mættu vel undirbúnir í skýrslutöku fyrir dómi og gátu staðið skilmerkilega við það sem þeir upplifðu á brotavettvangi og höfðu skráð í vettvangsskýrslur.

Lærdómur af þessu einstaka máli sýnist einkum vera þessi: Vönduð gerð vettvangsskýrslu strax í upphafi máls eykur líkurnar á sakfellingu, einnig í málum þar sem sakborningar draga játningu sína til baka síðar í ferlinu.

#### **Ónákvæmar ljósmyndir af sönnunargögnum (hnífum)**

Að lokum skal hér tekinn til skoðunar einn dómur hæstaréttar, nr. 791/2013 sem sýnir, auk annars, mikilvægi þess að lögreglumenn afli sér læknisvottorðs, að frágangur sönnunargagna sé vandaður og að málsmeðferð sé hraðað.

I var ákærður (og síðar sakfelldur) fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa hótað lögreglumönnum líkamsmeiðingum með hnífum og ráðist með öðru ofbeldi gegn öðrum lögreglumönnum. Einnig var ákært fyrir tilraun til sérstaklega hættulegrar líkamsárásar með því að kasta hníf af afli í lögreglumann. Í héraðsdómi, staðfestum af hæstarétti um þessi atriði, segir:

„...með framburði lögreglumanna, sem rakin voru hér að framan, er sannað að ákærði hafi veist að lög-

reglumönnum með ofbeldi eins og honum er gefið að sök [...] fær framburður þeirra stuðning af læknisvottorðum sem rakin voru.“

Að lokum var I ákærður fyrir vopnalagabrot með því að hafa borið tvo hnífa á almannaþæri en sýknaður af því ákæruatriði þar sem ekki varð ráðið af gögnum málsins með fullri vissu að blöð hnífanna næðu 12 sentimetra lengd. Segir um þetta í dómi hæstaréttar:

„Hnífum þessum er óverulega lýst í gögnum málsins, en af þeim eru þó málsettar ljósmyndir. Af þeim myndum verður ekki ráðið með vissu að blöð á hnífum þessum nái þeim 12 cm, sem áskildir eru.“

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að fresta bæri fullnustu refsingar í þrjú ár vegna dráttar á meðferð málsins hjá lögreglu og ákærvaldi sem ekki voru fullnægjandi skýringar á.

Lærdómur af þessu einstaka máli sýnist einkum vera þessi: Vönduð vinnubrögð lögreglu og eftirfylgni, s.s. að afla læknisvottorðs sem m.a. auðveldar sönnunarfærslu og eykur líkurnar á sakfellingu. Á hitt ber þó að líta, að sýknað er af ákærulið varðandi vopnalagabrot, vegna ónákvæmra ljósmynda. Álykta má sem svo að með nákvæmari myndum hefði sakfelling verið líklegri. Þá er ávallt mikilvægt að hraða rannsókn og ákærumeðferð eins og kostur því dómstólar láta ákærvaldið bera hallann af drætti mála.

#### **Höfundar:**

**Guðmundur Haukur Gunnarsson** er lögreglumaður nr. 0505 og með embættispróf í lögfræði (Cand. Jur.) frá Háskóla Íslands.

**Veturliði Þór Stefánsson** er með embættispróf í lögfræði (Cand. Jur.) frá Háskóla Íslands og starfaði um tíma sem löglærður fulltrúi lögreglustjóra.

*Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að fresta bæri fullnustu refsingar í þrjú ár vegna dráttar á meðferð málsins hjá lögreglu og ákærvaldi sem ekki voru fullnægjandi skýringar á.*



# Big Jake Bjarnason – ljúfi risinn

Eftir Friðrik Þór Guðmundsson

*Í Seattle-borg í Bandaríkjunum starfaði sem lögregluþjónn og síðan lögregluundirforingi (sergeant) Íslendingurinn Jakob Bjarnason á árunum 1903 til 1927 eða í tæpan aldarfjórðung. Hann þótti ómissandi hvar sem róstur og annað vesen komu upp; tröll að vexti en bráðgreindur og ljúfmenni mikið. Vöxturinn og viðmótið – og hljómmikil bassaröddin – dugðu yfirleitt og sjaldan þörf á öðrum „vopnum“.*

Jakob Bjarnason var fæddur 1874 og uppalinn að Sviðugörðum í Gaulverjabæjarhreppi, Árnessýslu, kominn af prestum og sýslumönnum í móðurætt. Stuttu eftir fermingu flutti hann að heiman og stundaði nám við Hólaskóla, og kenndi þar síðan um skeið áður en hann flutti til Vesturheims.

Hálfrítugur ákvað hann, árið 1900, að halda utan að freista gæfunnar. Meginbylgja vesturfara var yfirstaðin og hann hélt nokk-

urnveginn beint á vesturströndina – settist að í bænum Ballard, þar sem mikið var um Skandináva, en bærinn sameinaðist Seattle nokkru síðar. Árið 1904 kom út til hans yngsta systir hans, Guðríður, þá tvítug. Guðríður, sem tók upp fornafnið Grace, giftist 1908 Daniel M. Ryan nokkrum og bar eftir það eftirnafn þess manns, en hann missti hún sumarið 1913 („varð einstæðingur með ungabarn á höndum sér“) og tók eftir það að sér ráðskonustörf á

heimili Jakobs. Hann var alla tíð ókvæntur og barnslaus, en gekk dóttur systur sinnar, Sigrúni Eleanor, í föður stað.

## 227 sentimetra líkkista

Jakob var með allra hávöxnustu mönnum og vakti hvarvetna athygli fyrir það. Misvisandi tölur hafa sést um hæð hans, en stærð líkkistu hans, þegar að því kom, segir sitt; 7 fet og fimm og hálfur þumlungur eða um 227 sentimetrar.



GEYSIR



Geta má nærri um, út frá þessu og öðru, að hann hafi verið á bilinu 200 til 205 sentimetrar á hæð. Hann var og filefldur og mjög svipsterkur með sérlega breiðan kjálka. Það þurfti að sérpanta á hann hanska og skó (sumar búðir höfðu rúmgóðar skóstærðir 47, en yfirleitt dugði ekkert minna en 48-49). Talandi um breiðan kjálka; í einu viðtali glettist hann með að sumir rakarar vilji rukka hann tvöfalt fyrir rakstur! Í sömu andrá kvartaði hann undan því að vera orðinn heldur léttur, bara 120 kíló.

Það er kannski ekki að undra að hann hafi fljótlega verið kallaður til að taka að sér störf lögregluþjóns í Ballard. Magnús Á. Árnason lýsir Jakobi svo í bókinni „Gamanþættir af vinum mínum“: „Hann gat hæglega hulið báðar hendur mínar í sinni stóru hönd. Hann var stórskorinn í andliti og einkum voru kjálkarnir tiltakanlega áberandi, því bakbein þeirra var beint og náði langt niður fyrir eyrun og síðan kom kjálkaboginn vinkilrétt við það og myndaði einskonar skeifu... en þó Jakob væri stórskorinn, þá var svipurinn svo góðlegur, að hann bauð af sér hinn bezta þokka“.

En risi þessi var ljúfastur manna og gamansamur á góðri stund – og þau systkin héldu gjarnan matarveislur fyrir vini og kunningja. Einhverju sinni var hann í veislu spurður af Ameríkana hvort allir á Íslandi væru svona hávaxnir og hann svaraði (á ensku): „Uss, blessaður vertu, ég var svo lítill, að ég sárskammaðist mín og fór að heiman!“

### Virkur í Íslendingafélaginu Vestri

Jafnframt tók hann frá fyrstu stundu virkan þátt í félagslífi íslendinga á svæðinu, ekki síst í bókmenntafélaginu Vestri og kórastarfi – en til þess var tekið hversu góða, ómmikla og djúpa rödd hann hafði. Hann grínaðist með að hann gæti sennilega verið ráðinn sem mannlegur þokoludúr.

Hann var fljótlega kosinn í stjórn Vestra, orðinn varaformaður 1905 og síðar gjaldkeri í mörg ár. Hann var einnig í ritstjórn Geysis, handskrifaðs fréttarits og augljóst af öllu þessu félagsstarfi að mikill metnaður var lagður í að viðhalda tungumálinu og menningunni „að heiman“. Jakob tók virkan þátt í starfsemi félagsins, meðal annars í kappræðum, þar sem ræðumenn settu sig í stellingar og töluðu fyrir eða gegn ýmsum málefnum, svo sem vínbanninu. Á einum fundi hélt hann erindi um starf sitt sem lögreglumaður, en um það er aðeins skráð að starfið væri áhættusamt og „mörg óvænt uppákomu“.

Þegar Jakob gekk til liðs við lögregluna í



*Jakob Bjarnason með óþekktum manni.*

Ballard var talsvert um óreglu á götum bæjarins og nóg að gera við að hafa stjórn á fólki innan og utan knæpanna. Um langt skeið vann hann á Washington og Jackson götum. „Höfðust þar við blökkumenn og austurland-þjóðir, og áður en vínbann var lögleitt voru knæpur og drykkjukrár svo að segja á hverju horni. Var hverfið illræmt mjög“. Jakob þótti ómissandi við að hafa hemil á þessu fólki, stærðar sinnar vegna og styrks, en einnig og ekkert síður vegna leikni sinnar við mannleg samskipti. Hann gat lempað menn til eða tekið á þeim ef á þurfti að halda.

### Pakkaði þremur „Grikkjum“ saman

Magnús Á. Árnason fyrrnefndur segir sögu af afskiptum Jakobs af „fjórum Grikkjum“, sem voru með ólæti á knæpu (aðrar frásagnir tala allar um þrjá Grikki). Jakob nálgaðist þá en þeir stukku allir á hann. Einn þeirra sló Jakob í höfuðið með Whiskey-flösku. „En þá tók Jakob upp kylfuna, barði tvo þeirra í rot, en tók hina tvo sinn undir hvorn handlegg og bar þá niður á lögreglustöðina“ – með blóðið úr höfuðsárinu lagandi niður á tær.

Eftirfarandi staka var kveðin um atburðinn – og þar eru ribbaldarnir þrír:

*Berserkurinn Bjarnason,  
bug á þremur vann.  
Maklegt er að menn og konur  
mikli og prísí hann.*

Einhver áhöld eru um þjóðerni „Grikkjanna“, því sá sem sló Jakob með flösku var síðar sektaður af dómara fyrir athæfið, 200 dollara (sem þá var mikill peningur) og bar sá hið ógríska nafn Shea Baden. Hvað sem því líður fóru frásagnir af þessum átökum víða og juku mjög á hróður Jakobs – og um þau orti Þorsteinn Magnússon Borgfjörð ljóðabálkinn „Kobba bragur“, sem fylgir grein þessari.

Magnús segir líka frá því er Jakob vitnaði í sakamáli gegn þjófi og sá ákærði hélt því fram að Jakob lygi til um málsatvik. Dómarinn svaraði hinum ákærða: „Ég hef þekkt Bjarnason í 20 ár og aldrei staðið hann að lygi. Ég er því hræddur um að ég verði að taka hans orð framyfir þín“.

Í „Minningarorðum“ eftir H. E. Magnússon



# *Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi*

Reykjavíkurborg	Tort ehf	Arnardalur sf	Saumastofa Súsönnu
Réttingaverkstæði Bjarna og Gunnars ehf	Trip ehf	Á. Guðmundsson ehf	Sólarfilma ehf
Safalinn ehf	Tækni ehf, vélsmiðja	Ásberg sf	Sports Direct
Samgöngustofa	Tölvu- og tækniþjónustan ehf	BB44 Gisting ehf	Teledyne Gavia ehf
Sandra María Steinarsdóttir-Polanska slf	Tösku- og hanskabúðin ehf	Bifreiðastillingin ehf	TERN SYSTEMS ehf
Saumsprettan ehf	Úðafoss sf, efnalaug	Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf	Tíbrá ehf
Seðlabanki Íslands	Úra- og klukkaverslun Gilberts Ó Guð- jónssonar	bilalokkun.is	Tryggingamiðlun Íslands ehf
Sendibílar og hraðþjónusta ehf	Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar	Bílalakk ehf	Tröllalagnir ehf, pípulagningaþjónusta
Senia ehf, heildverslun	Vagnar og þjónusta ehf	Bílamarkaðurinn	Tækniþjónusta Ragnars G Gunnarssonar ehf
Sérefni ehf, málningarvöruslun	Valhöll fasteignasala ehf	Bílasprautun og réttingar Hjartar	Þórutindur ehf
Shalimar, Pakistanska veitingahúsið	VDO verslun ehf	Bílaþjónustan Bílaði bíllin slf	Ökukennsla EK ehf
SHV pípulagningaþjónusta ehf	Vegamót	Bíljöfur ehf	
Sigmundur Hannesson hrl.	Veiðibúðin Hlað ehf	Bílstál ehf	<b>Garðabær</b>
Síma- og tölvulagnir hf	Veiðiflugur ehf	Bílvogur ehf	Aflbinding-Járnverktakar ehf
Sjávargrillið ehf	Veitingahúsið Caruso	Blikkás-Funi ehf	Elektra ehf
Sjóvélur ehf	Veitingahúsið Jómfrúin	Brunabótafélag Íslands	Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf
Skefjar hf	Veitingahúsið Perlan ehf	Bygðarþjónustan bókhald og ráðgjöf	Garðabær
Skipakostur slf	Velmerkt ehf	Cafe Catalina	Geislatækni ehf-Laser-þjónustan
Skipamiðlarar ehf	Verkengi ehf	Deltalausnir-Varmadælur, www.delta- lausnir.is	Gluggar og garðhús ehf
Skipaþjónusta Íslands ehf	Verkfræðistofan Skipatækni ehf	Dælur ehf	Hagráð ehf
Skorri ehf	Verkfræðistofan Viðsjá ehf	Einar Beinteins ehf-Dúklagningameistari	Hannes Arnórsson ehf
Skotfélag Reykjavíkur	Verkfræðistofan Hlað ehf	Eyfeld ehf	Krókur ehf
Skóarinn í Kringlunni ehf	Verslun Jóns og Óskars Laugavegi,	Fagsmiði ehf	Mokarinn ehf
Skólavefurinn.is	Kringlunni og Smáralind	Fossar,tryggingar og ráðgjöf ehf	Okkar bakarí ehf
Skóverslunin Iljaskinn ehf	Verslunin Kvosin	Greiðabílar hf	Pípulagnaverktakar ehf
SM kvótaþing ehf	Verslunin Rangá	Grillibúðin ehf	Rafboði
Smith og Norland hf	Verslunin Vínberidi	Guðjón Gíslason, dúklagningameistari	S.S. Gólf ehf
Smurstöðin Klöpp ehf	Vesturróst-Sérverslun veiðimanna	Hafið-fiskverslun ehf	Samey ehf
Snaps ehf	Vélar og verkfæri ehf	Harðbakur ehf	Úranus ehf
Snóker- og Poolstofan	Vélsmiðja Einars Guðbrandssonar sf	Health Co ehf-Lækningatæki	Val-ás ehf
Sólón Bistro	Véltækni hf	Hefilverk ehf	Öryggisgirðingar ehf
Sónn ehf	Vélvík ehf	Hjörtur Eiríksson sf	
Sportbarinn	Viking Fish ehf	Hlynur, grafísk hönnun	<b>Hafnarfjörður</b>
Sportlíf-www.sportlif.is	Vilberg kranaleiga ehf	Hvellur-G. Tómasson ehf	Áróra ehf
Staukur ehf-leiktæki og sjálfssalar	Vitabar, veitingahús	Höll ehf	Barkasuða Guðmundar ehf
Stál og stansar ehf	Víkúros ehf, bílamálun og réttingar	Ingi hópferðir ehf	Batterið Arkitektar ehf
STEF Samband tónskálda og eigenda	Vottunarstofan Tún ehf,	Init ehf	Donna ehf
Stjörnuegg hf	vottun sjálfbærra náttúru nytja	Ísnes ehf, heildverslun	DS lausnir ehf
Stofnun Árna Magnússonar	Vörubílastöðin Próttur hf	JS-hús ehf	Efnalaugin Glæsir
í íslenskum fræðum	Þ.G. verktakar ehf	Kambur ehf	EÓ-Tréverk sf
Stólpi ehf-allhiða viðgerðaþjónusta	Þín verslun ehf	Kjöthúsið ehf	Essei ehf
Stólpi gámar ehf, Gámaleiga- og sala	ÞÓB vélaleiga ehf	Körfuberg ehf	Fjarðargrjót ehf
Stóra bílasalan ehf	Þrír Frakkar hjá Úlfari, veitingahús	Lakkskemman ehf	Flutningatækni ehf
Styrja ehf	Ögurvík hf	Litalausnir málningarþjónusta ehf	Flúrlampar ehf
Suzuki bílar hf	Ökumennt ehf	Línan ehf	Fura málmendurvinnslan ehf
Svarta Kaffið kaffihús	Ömmubakstur	Loft og raftæki ehf	G. Ingason hf
SVP-Samtök verslunar og þjónustu	Örninn ehf	Lyfja hf	G.S. múrverk ehf
Sægreifinn		Löggiltir endurskoðendur	Geymsla Eitt ehf
Söluturninn Pólís ehf	<b>Seltjarnarnes</b>	Lögmannsstofa Guðmundar Þórðarsonar og fasteignasala Kópavogs	Hagtak hf
Söluturninn Vikivaki	Eggert B. Ólafsson, samkeppnisráðgjöf	MótX ehf	HB búðin
Talnakönnun hf	Innrömmun Guðmundar	Ólafssynir ehf	Heimir og Jens ehf
Tandur hf	Ljósmyndastofa Erlings	Promens ehf	Hjólaspöttur ehf
Tannlæknastofa Jóns Viðars ehf	Veislan veitingaeldhús www.veislan.is	RadioRaf ehf	Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð
Tannlæknastofa Þórðar Birgissonar	Vökvatæki ehf	Rafmiðlun hf	Holtanesti, videóleiga
TBG ehf		Rafport ehf	Hópbílar hf
Teiknistofan Arkitektar	<b>Vogar</b>	Reiðhjóla-verslunin Hjólíð ehf	Hótel Hafnarfjörður ehf
Terra Export ehf	Loftræstihreinsun ehf	Reykofninn ehf	Hraunhamar ehf
Timberland Kringlunni og Timberland	Vélsmiðjan Altak ehf	Ræstingarþjónustan sf	Húsamálari ehf
Laugavegi	<b>Kópavogur</b>		Ican-Beykireykt þorsklifur ehf
Tollstjóraembættið	AFA JCDecaux Ísland ehf		
Tollvarðafélag Íslands			

í Heimskringlu 30. Janúar 1946 (nær 20 árum eftir andlát Jakobs) talar höfundur um stærð og þrek Jakobs, en segir einnig: „(Hann) kunnir manna bezt með skap sitt að fara, hann var jafn ljúfur og þrúðmannlegur í frakomu við alla, vann sér því vinsemd og virðingu jafnt þeirra, sem yfir áttu að ráða og hinna, sem undir hann voru gefnir; til gáfna var honum vel veitt að náttúruferi, hann unni öllu því, sem fagurt var í bókmenntum og hverskonar listum, sem vera kunnir, hann var vel máli farinn, ágætis söngmaður, röddin var afar sterk og lá djúpt, en þó svo einkennilega þíð og hreimfögur“.

**„...alltaf að hjálpa einhverjum vesalingum“**

Einu sinni birtist í dagblaði skopmynd af Jakobi þar sem hann krýpur yfir einhverri mannskepnu, sem hafði lagst fyrir ölvadur til svefns við rennisteininn, en þannig að hárlubbinn „lenti í hálfbránuðu biki. Þarna hafði manngreyið legið þangað til að bikið storknaði, hafði Jakob komið á vettvang og ýtt við manningnum, en sá rekur upp org og getur ekki upp staðið, svo að nú voru ekki önnur úrræði en að fá skæri og skegghníf, en svona losnaði maðurinn heldur illa klipptur og ekki vel til reika, en blaðið gat Jakobs og jók þetta hróður hans“.

Lundernið var helsta „vopn“ Jakobs og kylfan á köflum, en vissulega bar hann á stundum



Varðstjórnar í lögreglunni í Seattle. Jakob er fyrir miðju í öftustu röð.

beinskeyttara vopn. Steingrímur Matthíasson lýsir: „Jakob sýndi mér vopn sín; ágæta marghleypu, sem hann geymdi einhverstaðar inn á sér, mesta völundarsmiði, handjárn úr skygðu stáli, sem hann var leikinn í að smella á hvern mann að óvörum í einu veffangi áður

en litið var við, og svo íbenholtshnallinn, sem hann lét hanga við belti niður með lærinu. Er það instrúment ætlað til þess að handleggsbrjóta með eða rota erkidóna þegar komið er í krappan dans. Sagði hann mér frá mörgum skærum við illvíga fanta áður en þeir yrðu að

**KIWI**  
SINCE 1906  
**QUALITY SHOE POLISH**  
PROTECTS + WATERPROOFS + SHINES

**KIWI**  
LEDER GLANZ

**KIWI**  
EXPRESS

**KIWI**  
SCHNELLGLANZ UND PFLEGE CIRAGE AUTOLUSTRANT

**KIWI**  
EXTREME Protector

**Skínandi hátíðarkveðja**

Kiwi skóaburður og rakavörn

-ómissandi fyrir góða umhirðu á skófatnaði



velli lagðir. „ok þótti engum fýsilegt at eiga náttból undir exi hans“ – ég meina, undir þessu barefli hans?

J. S. Árnason lýsti Jakobi á kunnuglegan hátt: „framkoma, mikilúðleg, risalegur vöxtur, drynjandi röddin, og drenglund rík, dugðu honum jafnan vel í þeim sennum. Sjaldan eða aldrei greip hann til annara vopna“. Á svipuðum nótum var lýsing Gunnars Matthíassonar:

„Svo mikil ógn og tign hlaut að skjóta dónunum skelk í bringu, enda þurfti hann aldrei að beita fantabrögðum, því flestir létu leiðast til betri hegðunar eftir föður- og bróðurlega áminningu“. Enn má nefna ónafngreinda kveðju úr blaðinu Heimskringla: „(Þótt þú) værir stór og sterkur lögregluþjónn, þá varstu ... alltaf að hjálpa einhverjum vesalingum þegar þeir áttu bágt, ekki með því að vera stór og sterkur, heldur af því að mannúð og réttýni réðu gerðum þínum. Og af því varstu meiri og sterkari, að þú beittir aldrei þínum miklu kröftum og valdi nema til eflingar þess góða og til stuðnings lítilmagnans“.

### Sögur úr daglega starfinu

Ýmsar misskemmtilegar aðrar sögur úr lífi og starfi Jakobs eru skráðar í blöðum Seattle og nágrennis.

# Kobba bragur

Eftir Þorstein Magnússon Borgfjörð, ort að tilhlutan Íslendingafélagsins „Vestri“ árið 1914.

Birt í Heimskringlu 2. júlí 1952.

Borgin sem ógnar öllum, yst við Puget sund,  
upp við skýin hreykir höllum, á hæðum ofar grund.  
Þar í spreng á þönum standa, þjóðargrautur flestra landa  
iðar líkt og í arinsólu, eftir sumarnjólu.

Í þeim hæstu höllum byggja heiðurs menn og frúr  
millum þeirra er lægra liggja, er lagður vígður múr.  
Þúsundir af þjófum, þramma þar í halarófum  
niðri í dimmum draugagöngum, drukknir eftir föngum.

Þar stóð Kobbi og kvað við drunu, kraftaljóð eitt mætt  
sonur Bjarna – sonur Bunu, úr Sogne er hans ætt.  
Hann er eins og inna sögur, Íslands síðsti trölla-mögur  
herðabreiður hermannlegur, hár og afar digur.

Á kufli bláum knappar glóðu, á klæðin birtu sló  
ernir frá níra á þeim stóðu, Uncle Sam þá bjó,  
á höfði prýddur Hnikars báli, hjálmur úr ekta blöðrustáli  
en á belti á brynju gilfa, brandur hékk og kylfa.

Og Kobbi mætti þrælum þremur, - en það var seint um kvöld.  
Heyrðu troll úr niðrheim norður nú skal setja í veg þinn skorður  
blóði þínu og brennivíni, blanda skal svo hríni.

Kobbi þreif til kylfu sinnar og kauða gefur svar:  
Ég dreg þig nú til dýflissunnar, þig dreymir betur þar.  
Þá greiddi högg með geði rösku, með gallons-stærðar Whiskey-flösku  
að beini skar svo blöðund renni, er buldi á Hildings enni.

Hárin risu á heljarmenni, hékk hin þunga brún  
breiddist yfir bárótt enni, blóði skrifuð rún.  
Kobbi víðar greipar glennti, og gríska þræla örmum spennti  
marði hold frá blautum beinum, bæn ei dugði neinum.

Enginn má við yfir burðum, eins og tímans rás  
dýflissunnar heljar hurðum, hrundið var í lás.  
Austurlenskir flón of féndur, fallið höfðu í trölla hendur  
brotin flaska, brostinn friður, allt brennivínið niður.

Eitruð sárin sviðu og blæddu, sást til ráða fátt,  
engin meðöl und þá græddu á amerískan hátt,  
þá reið gandreið óvænt öllum, alla leið frá Dofra-fjöllum  
gamall þulur, græðir meina með grasasmirsl og steina.

Íslands meyjar, Íslands konur allar syngi brag  
Íslands kappi, Íslands sonur, yðar forna lag.  
Æsir brim við Íslands stendur, Íslands Kobbi á velli stendur.  
Gjósi Heklu glóð og sindur, grenji jökulvindur.

Árið 1906 safnaðist hópur manna í kringum Elmer Hooley, þar sem hann gerði sitt besta við að brjóta gangstéttarhellur á Ballard Avenue með berum hnúunum. Jakob kom þar að og handtók manninn, sem síðan bar að hann hefði verið að sýna fólkinu hversu frámunalega illa gangstéttirnar væru lagðar. Fyrir orð Jakobs var maðurinn ákærður fyrir óspektir á almannaferi en ekki skemmdarverk – en honum var þó stungið inn í 30 daga.

Á sama ári, á frostdegi 1906, fann Jakob illa haldinn mann á tröppum ráðhúss borgarinnar. Í ljós kom að fætur mannsins voru illa farnir af ómeðhöndluðum frostsárum. Maðurinn kvaðst heita Edward Miller og frá Norður Dakóta – og hefði ferðast fótgangandi langa leið í vondum veðrum. Vegna blóðeitrunar varð að taka annan fótinn af mannum.

Síðan má geta Guðjóns Guðjónssonar, sem nefndi sig John Gunderson. Haustið 1908 veitti Jakob honum eftirtekt, en hann virtist vera nýr á meðal verstu drykkjumanna bæjarins. Jakob fékk upp úr honum að hann væri Íslendingur, Guðjón Guðjónsson úr Rangárvallasýslu, sem hefði farið frá Íslandi um tvítugt með „skipbrotsmönnum frá Hafnarfirði“ og hefði gerst kokkur í Kaliforníu og síðar Alaska. Þar hefði hann kalið á fótum og einnig verið ákærður fyrir lögbrot sem hann hafi verið alsaklaus af – þetta hefði eyðilagt líf hans. Jakob hlúði að þessum samlanda svo best hann gat, en á jóladag sama ár varð Guðjón fyrir járnbrautarlest og dó samstundis.

Árið 1918 var Jakob eitt sinn að hafa afskipti af ölvuðum manni, sem tók afskiptaseminni afar illa og sveiflaði höndum til og frá. Hrópandi á alla sem heyra vildu að hann ætlaði sér að ganga frá lögregluþjóninum. Samkvæmt frásögninni hló Jakob þá eins og hýena, hrifsaði í manninn og dró niður á lögreglustöð. Hann drukkti iðraðist frammi fyrir dómaramum og skyldi ekkert í ástandi sínu – hafði bara tekið einn sopa!

### Ræningjar og rauðliðar

Á árinu 1919 var Jakob á rölti á 1. Avenue og sá þar mann hlaupa með ferðatösku. Honum fannst maðurinn grunsamlegur, stökk á hann og handtók – fljótlega kom í ljós að maðurinn hafði brotið rúðu í verslun og tekið töskuna. Heima hjá honum fannst síðan þýfi úr mörgum öðrum búðum.

Í kringum 1919 óx verkalyðsfélögum fiskur um hrygg, en sum samtökin voru talin kommúnísk og þóttu boða ofbeldi. Efst þar á blaði var I.W.W. (Industrial workers of the



Greinarhöfundur við brjóstmynd af Jakobi.

world) og var ólöglegt að eiga lesefni frá samtökunum. Í blöðum þessa tíma er að finna minnst tvær frásagnir af því þegar Jakob og fleiri gerðu áhlaup á heimili rauðliðanna og gerðu ólöglegt lesefni upptækt.

Á sama ári, 1919, var Jakob fenginn í öllu léttvægara verkefni; Samtök bílasölumanna var með ráðstefnu á hóteli og einn fyrirlesarinn vildi gera eitthvað óvenjulegt. Hann fékk Jakob til að ryðjast inn á sviðið í miðri ræðu mannsins og þykjast handtaka hann með miklum látum. Jakob lék vel og „dró“ manninn fram- og áhorfendur trúðu atburðinum furðu lostnir. En létti þegar félagarnir komu inn aftur og upplýstu grínið.

Á árinu 1924 sá Jakob mann á gangi sem var með poka og þótti honum einkennilegt að eitthvað virtist hreyfast í pokanum. Hann tók manninn, 19 ára pilt, niður á lögreglustöð og í ljós kom að í pokanum voru þrjár lifandi hænur. Hafði hann stolið hænunum og ætlað sér að selja þær.

Árið 1926 þurfti Jakob að hafa afskipti af sérkennilegum veiðimanni. Jakob hafði komið að honum hegða sér grunsamlega við sýki eitt og í ljós kom að hann hafði innan klæða óleyfilegt skotvopn. Fyrstu viðbrögð mannsins voru að lýsa því yfir að hann hefði ætlað að skjóta fisk sér til matar! Dómarinn, áhugaður um stangveiði, brást reiður við og þá sagði maðurinn að hann hefði ætlað að kaupa fisk og borga fyrir með byssunni – en dómari-

inn trúði því eðlilega ekki að maðurinn hefði ætlað að kaupa fisk – klukkan 2 að nóttu, og dæmdi manninn í tukthúsið vegna byssunnar.

Látum þetta nægja af sögum úr starfinu. Þó má bæta við einum fróðleiksmola; Pólfarinn Vilhjálmur Stefánsson átti af og til leið um Seattle á sínum ferðum og kynntist þar Jakobi – og urðu þeir góðir vinir. Til er frásögn af því að í hvert sinn sem Vilhjálmur kom í borgina lét hann verða það sitt fyrsta verk að heimsækja Jakob og eiga með honum góða kvöldstund.

### Vildi ekki að Leifi heppna yrði stolið

Þegar Heimsstyrjöldin fyrri (1914-1918) var í fullum gangi voru mjög skiptar skoðanir meðal V-Íslendinganna með hverjum skyldi halda og af frásögn Magnúsar A. Arnasonar af litríku heimboði að dæma voru Jakob og fleiri í kringum hann heldur hallir undir málstað þjóðverjanna (þetta er löngu fyrir tíma nasimans). En þetta átti þá eftir að breytast, því í september 1918 skráði hann sig í bandaríska herinn, þá 44 ára að aldri. Tveimur mánuðum síðar gáfust þjóðverjarnir upp og styrjöldinni lauk – en að líkindum vegna annarra ástæðna en að Jakob væri væntanlegur í slaginn!

Sjá má af fundargerðum Vestra og öðrum frásögnum að Jakob var farinn að missa heilsu um 1925. Kunnáttufólk um einkenni sjúkdóma hefur getið sér til um að hann hafi verið haldinn svokölluðum „Marfans syndrome“.



# *Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi*

I Robot, verslun  
Ísfell ehf  
Japanskar vélar ehf  
Kerfi fyrirtækjapjónusta ehf  
Kjarnagluggar ehf  
Kæling ehf  
Kænan veitingastaður  
Lagnameistarrinn ehf  
Léttfeti ehf-Sendibill  
Lögmenn Thorsplani sf  
Markus Lifenet ehf  
Matbær ehf  
Meindýrvarnir Firingar ehf  
Móði ehf  
Mynstrun ehf  
Nonni Gull  
Rafgeymasalan ehf  
Raftog ehf, rafmagnsverkstæði  
Sáning ehf  
SBJ réttingar ehf  
Skerpa renniverkstæði  
Spennubreytar  
Stálhaust ehf  
Stálorka  
STOR stórlagnir og ráðgjöf ehf  
Svalpúfa ehf  
Te & Kaffi hf  
Trefjar ehf  
Trésmiðjan okkar ehf  
Umbúðamiðlun ehf  
Úthafsskip ehf  
Verkalýðsfélagið Hlíf  
Vélsmiðja Guðmundar ehf  
Viking björgunarbúnaður

## **Álftanes**

Dermis Zen slf

## **Reykjanesbær**

A. Óskarsson ehf  
B & B Guesthouse  
Bergnet ehf  
Bílar og Hjól ehf  
Bílaver Ák ehf  
Blikksmiðja Ágústis Guðjónss ehf  
Dacoda ehf  
Efnalugin Vík ehf  
Eignamiðlun Suðurnesja  
Húsagerðin ehf, trésmiðja  
Ice Group Ltd  
IceBike ehf, mótórhólaverslun  
IGS ehf Keflavíkurflugvelli  
Ísfoss ehf  
Kaffitár  
Langbest ehf  
M2 Fasteignasala og leigumiðlun  
Málverk slf  
Olsen Olsen  
Otium slf, hönnun og ráðgjöf  
Plastgerð Suðurnesja ehf  
Pulsuvagninn í Keflavík

Pústþjónusta Bjarkars ehf  
Renniverkstæði Jens Tómassonar  
Reykjanesbær  
Rétt sprautun ehf  
Rörvirki sf  
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum  
Skilti og merkingar ehf  
Skólatur ehf  
Smur- og hjólbarðapjónustan ehf  
Suðrflug ehf  
TM Bygg ehf  
Útfarapjónusta Suðurnesja  
Varmamót ehf  
Verslunarmannafélag Suðurnesja  
Verslunin Kóda  
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf

## **Grindavík**

Bláa lónið  
Einhamar Seafood ehf  
EVH verktakar ehf  
HH-rafverktakar ehf  
Jón og Margeir ehf  
Lagnapjónusta Suðurnesja ehf  
Maron ehf  
Marver ehf  
Ó S fiskverkun ehf  
Sífell ehf  
TG raf ehf  
Veitingastofan Vör ehf  
Vélsmiðja Grindavíkur ehf  
Vísir hf  
Þorbjörn hf

## **Sandgerði**

Bátasmiðjan Sólpast  
Skinnfiskur ehf  
Verslunarfélagið Ábót

## **Garður**

GSE ehf  
Völundarhús ehf

## **Mosfellsbær**

A-Marine ehf  
Bílartar ehf  
Boltís sf  
Byggingarfélagið Jörð ehf  
Fagverk verktakar sf  
Fasteignasala Mosfellsbæjar ehf  
Gylfi Guðjónsson ökukennari, s: 6960042  
Hestaleigan Laxnesi  
Kaffihúsið á Álafossi  
Kjósarhreppur  
Matfugl ehf  
Málningarþjónusta Jónasar ehf  
Mosraf ehf  
Múrefni ehf  
Nonni litli ehf  
Sigurplast ehf  
Spissar ehf-stíflupjónusta

Vélsmiðjan Sveinn ehf

## **Akranes**

Akraborg ehf  
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar  
Blikksmiðja Guðmundar ehf  
Fasteignasalan Valfell  
Galito veitingastaður  
Gámapjónusta Vesturlands ehf  
Gísli Stefán Jónsson ehf  
Grastec ehf  
Rafnes sf  
Rafþjónusta Sigurdórs ehf  
Runólfur Hallfreðsson ehf  
Skagaverk ehf  
Smurstöð Akraness sf  
Spölur ehf-Hvalfjarðargöng  
Stapavík ehf  
Sýslumannsembættið á Akranesi  
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf  
Viðar Einarsson ökukennsla ehf  
Ylur pípulagnaþjónusta sf

## **Borgarnes**

Bílabær sf, bifreiðaverkstæði  
Borgarbyggð  
Dýralæknaþjónusta Vesturlands ehf  
Ensku húsin við Langá  
Eyja- og Miklaholtshreppur  
Framköllunarþjónustan ehf  
Kaupfélag Borgfirðinga  
Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar  
Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjör-  
dæmi  
Sigur-garðar sf  
Trésmiðja Pálma  
Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf

## **Stykkishólmur**

Narfeyri ehf  
Útgerðarfélagið Kári ehf  
Þ.B. Borg trésmiðja ehf

## **Grundarfjörður**

RúBen ehf  
Þjónustustofan ehf

## **Ólafsvík**

Þrif og þjónusta ehf

## **Hellissandur**

Esjar ehf  
KG Fiskverkun ehf  
Nesver ehf  
Nónvarða ehf  
Skarðsvík ehf  
Snæfellsbær  
Vélsmiðja Árna Jóns ehf

## **Reykholahreppur**

Reykholahreppur

Þörungaverksmiðjan hf Reykhólum

## **Ísafjörður**

Akstur og löndun ehf  
Fræðslumiðstöð Vestfjarða  
Hafnarbúðin  
Harðfiskverkun Finnboga, s: 456 3250  
Ísblikk ehf  
Kaffihúsið Húsið  
Lögrelustjórnin á Vestfjörðum  
Útgerðarfélagið Öngull ehf  
Verkalýðsfélag Vestfirðinga  
Prymur hf, vélsmiðja

## **Bolungarvík**

Bolungarvíkurhöfn  
Bolungarvíkurkaupstaður  
Fiskmarkaður Bolungarvíkur  
og Suðureyrar ehf  
Flugrúta Bolungarvík  
Sýslumaðurinn í Bolungarvík

## **Súðavík**

Súðavíkurhreppur

Patreksfjörður  
Bílaferkstæðið Smur- og dekkþjónustan  
Bókhaldsstofan Stapar ehf  
Oddi hf, fiskvinnsla og útgerð  
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

## **Tálknafjörður**

Bókhaldsstofan Tálknafirði  
T.V. Verk ehf  
Trans Atlantic ehf, ferðaskrifstofa  
Þórsberg hf

## **Staður**

SG verkstæði ehf

## **Árneshreppur**

Hótel Djúpvík ehf

## **Blönduós**

Átak ehf  
Gistiheimilið Kiljan ehf  
Húnavatnshreppur  
Léttitækni ehf  
Samstaða, skrifstofa  
verkalýðsfélaga

## **Skagaströnd**

Sjávarlíftækni-setrið BioPol ehf  
Skagabyggð

## **Sauðárkrókur**

Efnalaug Sauðárkróks  
Kaupfélag Skagfirðinga  
Króksverk ehf  
K-Tak ehf  
Steyptstöð Skagafjarða

sem leiðir til ofvaxtar í beinum og annarrar afmyndunar líkamans – og ekki síst er hjarta-starfsemin í hættu. Og víst er að Jakob fékk hjartaáfall á besta aldri.

Hann var 6. október 1927, aðeins 53 ára, staddur heima hjá sér og systur sinni, að skrifa greinina „Fáein orð um Leif Eiríksson og Norskarana“, fyrir Vestra – um hvernig Norðmenn væru að reyna að eigna sér Leif heppna – er hann stóð upp í miðjum klíðum, frá ókláraðri setningu og orði; „Leifur Eiríksson eða minningin um hann er svo að segja töpuð Ísland...“ og fann þá fyrir verkjum. Hann fór á klósettið og tók við að raka sig, sjálfsagt með í huga að fara til læknis. Guðríður systir hans (Grace) var úti í garði en heyrði dynk innan úr húsinu. Þegar hún fór inn að gá hverju sætti fann hún Jakob örendan á gólfinu.

### 2000 manna jarðaför

Jarðarförin fór fram undir umsjón lögreglunnar, frá Egils Auditorium í Ballard, að viðstöddum hátt í 2000 manns – var það fjölmennasta jarðaför sem menn mundu til í þeirri borg. Yfir 100 lögregluþjónar mættu þar í einkennisbúningi ásamt lögreglustjóranum sjálfum, og voru líkmennirnir valdir úr þeirra hóp. Fjöldi íslendinga var þar saman kominn bæði úr Seattle og nærliggjandi bæjum.

Guðríður fluttist síðar með dóttur sinni, uppeldisdóttur Jakobs, til Kaliforníu og lést í Oakland árið 1970. Dóttirin, Eleanor Sigrún, hafði gifst manni að nafni Forrest Gaylord Bell og eignaðist með honum hið minnsta eina dóttur, en Eleanor Sigrún dó á sama stað ári síðar. Ekki hefur mér tekist að fá staðfestar upplýsingar um frekari afkomendur.

Lögregluminjasafnið í Seattle geymir enn brjóstmynd af Jakobi, eftir Inga Thorkelson og einnig móttin fyrir hendur og fætur vegna sérþöntunar á hönskum og skóm. Jakob hvílir í Evergreen Washelli kirkjugarðinum í Seattle. Grafsteinninn er lítill og flatur (með röngu fæðingarári) og á nokkurra ára fresti vex gras yfir hann allan. Af og til liggur leið



Lögreglumenn í Seattle. Jakob er þriðji frá vinstri.

mín um Seattle og þá er það skyldustarf mitt í hvert sinn að grafa upp grafsteininn. Gaman væri að útvega þessum horfna frænda mínum og Íslands syni almennilegan stein – en slíkar vorur bjóðast vestra eingöngu á ofurkjörum.

*Friðrik Þór Guðmundsson,  
Systursonardóttursonur Jakobs.*

### Heimildir:

[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=153262&pageId=2161549&lang=is&q=JACOB%20BJARNASON](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=153262&pageId=2161549&lang=is&q=JACOB%20BJARNASON)  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=154134&pageId=2168710&lang=is&q=Jakob%20Bjarnason](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=154134&pageId=2168710&lang=is&q=Jakob%20Bjarnason)  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=163717&pageId=2231026&lang=is&q=Jakob%20Bjarnason](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=163717&pageId=2231026&lang=is&q=Jakob%20Bjarnason)  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=153015&pageId=2159541&lang=is&q=Jakob%20Bjarnason](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=153015&pageId=2159541&lang=is&q=Jakob%20Bjarnason)  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=153262&pageId=2161549&lang=is&q=JACOB%20BJARNASON](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=153262&pageId=2161549&lang=is&q=JACOB%20BJARNASON)  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=163717&pageId=2231026&lang=is&q=Jakob%20Bjarnason](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=163717&pageId=2231026&lang=is&q=Jakob%20Bjarnason)  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=153262&pageId=2161549&lang=is&q=JACOB%20BJARNASON](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=153262&pageId=2161549&lang=is&q=JACOB%20BJARNASON)  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=152172&pageId=2153052&lang=is&q=Jakob%20Bjarnason](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=152172&pageId=2153052&lang=is&q=Jakob%20Bjarnason)  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=154464&pageId=2171029&lang=is&q=Jakob](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=154464&pageId=2171029&lang=is&q=Jakob)



# Sandstormur, siglingar og löggæsla

Það eru fjölmargir erlendir ferðamenn í Reykjavík sem dag hvern leggja leið sína í Perluna í Öskjuhlíð til að skoða bygginguna, hönnunina og njóta útsýnisins. Ef ferðamennirnir koma þangað á miðvikudagsmorgnum verða þeir varir við hóp sprækra miðaldra karla sem sitja við tvö langborð í kaffistofunni á fjórðu hæðinni og spjalla saman yfir kaffibolla. Það er oftast ekki sem ferðamaðurinn vill fá að vita hvaða karlar þetta séu og fær þá þau svör að um sé að ræða fyrverandi lögreglumenn sem hittast á hverjum miðvikudagsmorgni í Perlunni til að rífa upp gamla tíma og ræða landsins gagn og nauðsynjar. Sjálfsagt er það forvitnilegt fyrir aðkomumann að sjá svona stóran hóp fyrverandi lögreglumanna en á því eru skýringar. Á síðustu tæpum fimm árum, eða frá 2010, hafa 55 lögreglumenn á landinu öllu hætt störfum og farið á eftirlaun. En lögreglumenn láta af störfum þegar þeir hafa náð 65 ára aldri þótt nokkrir hætti fyrr og fari þá á eftirlaun á svokallaðri 95 ára reglu. Á næsta ári og fram til ársins 2019 er gert ráð fyrir að 67 lögreglumenn hætti störfum sem náð hafa 65 ára aldri. Árið 2019 munu svo að jafnaði 10 til 20 lögreglumenn láta af störfum á hverju ári allt fram til ársins 2030, samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi lögreglumanna.

Einn af lögreglumönnum sem ósjaldan situr í hinum glöðværa hópi fyrrverandi lögreglumanna og hefur iðulega sótt miðvikudagsfundi í Perlunni er Ingimundur Helgason, fyrrum aðalvarðstjóri, sem stóran hluta starfsævinnar var lögreglumaður á Seltjarnnesi við góðan orðstír. Ingimundur, og aðrir lögreglumenn sem hafa látið af störfum, hafa sjálfsagt átt þátt í því með traustri framkomu og viðmóti að almenningur á Íslandi hefur í árlegum skoðanakönnunum ætíð borið mikið traust til lögreglunnar og er það þakkarvert.

Ingimundur féllst fúslega á að ræða við mig um lögreglustarfið og hvað hann væri að sýsla núna, svo við mæltum okkur mót einn daginn nú í byrjun desember. Hann tekur hlýlega á móti mér á heimili sínu á Seltjarnnesi og býður mig velkominn. Ingimundur ber aldurinn vel og yfir honum hvílir einhver rósemd og virðuleiki sem einkenndi hann alla hans tíð sem lögreglumann. Hann býður mér að líta á úrklippusafnið sitt sem hann hefur klippt úr dagblöðum og innihalda fréttir um lögregluna, og sem hann hefur safnað frá því hann byrjaði í lögreglunni árið 1964 og fram til ársins 2001. Úrklippurnar eru samansafn lögreglufrétta og fjalla um störf lögreglunnar og þau mál sem hún hefur til rannsóknar. Ljóst er að úrklippusafnið geymir heimildir sem ættu heima á lögreglusafni ef það væri til, en svo er því miður ekki. Þarna gefur á að líta



*Greinarhöfundur Björgvin Björgvinsson.*

meðal annars umfjöllun um hið fræga Guðmundar og Geirfinnsmál, en það mál hefur verið í umræðunni á síðustu árum og bíður þess nú að sérstakur ríkissaksóknari ákveði hvort það verði endurupptekið. „Það var nú alltaf meiningin hjá mér að raða úrklippunum skilmerkilega inn í möppur en það hefur nú eitthvað dregist, það er alltaf svo mikið að gera.“ segir Ingimundur.

Eftir þetta komum við okkur fyrir í þægilegum sætum í setustofunni og mér er boðið upp



á kaffi og smákökur. Ég spyr Ingimund fyrst um bernsku hans, skólagöngu og uppvöxt.

„Ég er fæddur árið 1931 á Njálsgötunni í Reykjavík, en það voru miklir krepputímar á Íslandi á þeim árum sem ég var að alast upp og eitt mesta atvinnuleysi í Reykjavík sem komið hefur. Ég gekk í Austurbæjarskólann og lauk þar barnaskólaprófi en hugurinn stefndi á sjómennsku og fór ég því ungur til sjós. Ég fór síðan í kvöldskóla KFUM þar sem ég lærði íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði og þaðan lá svo leiðin í Stýrimannaskólann. Ég var á Goðafossi um tíma en árið 1950 var ég í áhöfninni sem sótti hið sögufræga skip, Gullfoss, til Kaupmannahafnar. Við sigldum síðan skipinu til Reykjavíkur þar sem því var vel tekið af fjölmörgum Reykvíkingum. Gullfossi var síðan siglt umhverfis landið með viðkomu í stærstu höfnunum til að landsmenn fengju að fagna og skoða skipið. En fljótlega var Gullfoss leigður til Frakklands og var ég í áhöfninni sem fór þangað, en skipið hafði verið leigt í farþegasiglingar milli Bordeaux, á vesturströnd Frakklands og hinnar frægu borgar, Casablanca í Marokkó.

Ég spyr Ingimund hvort það hafi ekki verið mikið ævintýri fyrir 19 ára pilt að sigla til framandi landa.

„Jú það var það óneitanlega. Við vorum níu mánuði í þessum siglingum og það var viðburðaríkur og skemmtilegur tími. Við fengum margsskonar veður, lentum í illviðri við Gíbraltar og sandstormum fyrir utan norðurströnd Afríku, það var mjög sérstakt að lenda í sandstormi úti á rúmsjó. Allt gekk þetta þó vel og óhappalaust. Ég var síðan á sjónum í níu ár og sigldi meðal annars með Gullfossi frá Reykjavík til Leith í Skotlandi og þaðan til Kaupmannahafnar. Á veturna bættist Hamborg í Þýskalandi við hina föstu siglingaleið Gullfoss og um borð á þessum árum voru margir þekktir Íslendingar, þar á meðal Nóbelskáldið okkar. Eftir níu ár á sjónum fór ég í land og vann hjá Eimskip í nokkur ár sem tækja- og kranamaður og vann við uppskipun í Reykjavíkurhöfn. Árið 1964 byrjaði ég svo í lögreglu og stóð þá til að gerast lögreglumaður á Seltjarnarnesi. Það dróst í nokkur ár og var ég því fyrstu árin lögreglumaður í Reykjavík en þá var lögreglustöðin við Pósthússtræti. Ég byrjaði á svokallaðri hundavakt, öðru nafni millivakt, þá stóð maður dagvakt í hálfan mánuð og fór síðan hálfan mánuð á næturvakt. Ég fór síðan á fasta vakt sem Greipur Kristjánsson aðalvarðstjóri stjórnadi, en vaktirnar voru þá þrjár, Greipsvakt, Pálsvakt og Axelsvakt. Árið 1970 hóf ég störf sem lögreglumaður á Seltjarnarnesi en þar var þá fyrir Lárus Salómonsson, fyrrum glímukóngur Íslands og orðlagt hraustmenni. Við Lárus skiptum sólarhringnum milli okkar, vaktirnar voru frá átta til fjögur á daginn og kvöldvaktirnar frá fjögur til miðnættis. Eftir miðnættið var sá lögreglumaður sem átti síðdegisvaktina á bakvakt og þurfti að sinna útköllum einsamall en gat kallað eftir aðstoð ef með þyrfti. Oft var töluverð bið eftir aðstoð enda kom hún



Ingimundur Helgason.

þá frá Hafnarfirði því Seltjarnarnesið heyrði á þessum tíma undir sýslumanninn í Hafnarfirði. Við Lárus unnum saman í fjögur ár eða þar til Lárus hætti störfum sökum aldurs. Eftir þetta var enginn fastur lögreglumaður með mér en ég fékk nokkra valinkunna menn sem unnu tímabundið með mér, meðal þeirra voru Hjörtur Aðalsteinsson, sem er núverandi dómstjóri Héraðsdóms Suðurlands, Haraldur Johannessen ríkislögrelustjóri og Hans Markús Hafsteinsson prestur. Árið 1977 kom svo Sæmundur Pálsson, betur þekktur undir nafninu Sæmi Rokk, til starfa þannig að þú sérð að hér á Nesinu hafa margir sómamenn verið við lögrelustörf.“

Aðspurður hvort það hafi ekki verið erfitt að fara einsamall í útköll að nóttu til, segir Ingimundur að svo hafi verið. „Það var oft erfitt en einhvern veginn bjargaðist þetta allt þótt stundum hafi það staðið tæpt. Polinmæði og umburðarlyndi voru þeir þættir sem hvað mest reyndi á til að geta róað þann sem verið var að kljást við. En það var stór munur á mönnum sem kvartað var yfir vegna ölvunar eða þeim sem voru undir áhrifum fíkniefna. Ég áttaði mig vel á þeim sem voru ölvaðir eða undir áhrifum áfengis og hvernig slíkir menn brugðust við þegar lögreglan var komin í spilið. Aftur á móti voru þeir sem höfðu neytt fíkniefna varhugaverðari og ekki hægt að sjá hvernig þeirra viðbrögð yrðu við afskiptum lögreglu.“

Ég spyr Ingimund hvort einhver gömul mál væru honum hugleiknari en önnur sem hann kom að. „Já það eru nokkur mál sem sitja í mér. Það eru ef til vill þau mál sem snertu líf eða dauða. Nokkur sjálfsvíg koma upp í hugann og sitja enn í mér og einnig hörmuleg slys

sem ég fór í. Ég man til dæmis eftir hræðilegu slysi þegar tveir ungir drengir drukknuðu í Bakkatjörn hér á Seltjarnarnesinu, en það var í apríl árið 1976. Það er eitt erfiðasta mál sem ég hef komið að. Ennfremur man ég eftir hörmulegu bílslysi, en það var þegar bíl var ekið fram af bryggju við Kaffivagninn við Grandagarð á nýársdagsmorgni árið 1970. Í bílnum voru fimm ungmenni. Þennan morgun átti ég að mæta á morgunvakt og var því sóttur rétt fyrir klukkan sex af Eyjólfu Jónssyni sundkappa. Hann var að hætta á næturvakt en þegar kallið kom til okkar í gegnum talstöðina vorum við ekki langt undan og komum því fyrstir á vettvang. Við Eyjólfur náðum að bjarga tveimur piltum upp úr sjónum en hin þrjú, rúmlega tvítugar systur og sautján ára piltur drukknuðu. Við urðum báðir að fara í sjóinn til að bjarga ungu mönnum sem héldu sér uppi með því að halda um bryggjustólpann. Veðrið var hráslagalegt, frost og nítingskalt og því mjög af drengjunum dregið þannig að ekki mátti tæpara standa. Við Eyjólfur fengum Erlingsbikarinn fyrir þetta björgunarafræk en sá bikar er kenndur við Erling Pálsson yfir lögregluþjónn og kallaður afreksbikarinn og veittur þeim lögreglumanni eða lögreglumönnum sem bjargað hafa fólki í lífsháska.“

Nú er það algengt að lögreglumenn fái áfallahjálpar þegar þeir koma að svona erfiðum málum og því langar mig að vita hvernig þetta hafi verið á þessum árum. „Nei á þessum tíma þekktist ekki áfallahjálpar og þurftum við bara að vinna sjálfir í því að komast yfir svona áföll en við töluðum um þetta hver við annan og sjálfsagt hefur það hjálpað okkur eitthvað þótt það hafi nú ekki verið faglegr umræða.“

Mig langar að forvitnast um það hvort Ingimundur hafi nokkru sinni efast um að hann væri í réttu starfi eða hugað að því að skipta um starf. „Nei ég efaðist aldrei um að ég væri ekki í réttu starfi. Mér þótti lögrelustarfið vera mikilvægt þótt það hafi stundum verið erfitt. Ég tel að sú tilfinning sem ég hafði í starfinu, að vera að gera gagn, hafi vegið þungt í þessu sambandi og að það hafi veitt mér innri gleði.“

Að lokum varpa ég þeirri spurningu fram hvort það hafi verið erfitt að hætta í lögreglu eftir marga áratuga starf. „Nei það var það ekki þótt það hafi verið mikil breyting, og ef til vill mest fyrir eiginkonu mína því skyndilega var ég svo mikið heima. Ég hef einnig yndi af að sinna garðinum hér heima og mér líður vel. Ég er þó enn að vinna svolítið fyrir bæjarfélagið hér á Nesinu því ég er stefnuvottur og einnig sé ég um skráningu hundahalds.“

Ég þakka Ingimundi fyrir viðtalið og óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og alls hins besta á komandi ári.

Björgvin Björgvinsson



# Erlendar fréttir Erlendar fréttir Erlendar fréttir

Dansk Politi nr. 07 2014

## 7.300

7.300 yfirvinnustundir var aukningin í vinnuframlagi lögreglu við útlendingaefitirlit (National Udlændinge Center) í Danmörku á tímabilinu 17. júlí til 15. október s.l. skv. frétt Politiken.

Nú kemur að því að lögreglan þarf að greiða út þessar yfirvinnustundir en það mun kosta lögreglu um tvær til tvær og hálf milljón DKR (u.þ.b. 41.500.000 – 51.900.000 IKR). Staðan er nefnilega sú að ekki er hægt að gefa lögreglumönnum frí í stað yfirvinnunnar – eins og vaninn er í Danmörku – þar sem vinnuálagið er það mikið.

Danmörk tekur á móti, þessi misserin, óvenju miklum fjölda hælisleitenda. Innanríkisráðuneytið hefur gefið út tölur um að fjöldi hælisleitenda í Danmörku fari í um 20.000 í lok árs 2014.

Dansk Politi nr. 07 2014

## Vinnuumhverfi

Starfsfólk getur áorðað mjög miklu – einnig stórum og flóknum verkefnum – sér í lagi ef vinnuumhverfið er í lagi. Það eru nefnilega ekki hin óleystu verkefni, stærðargráða þeirra eða fjöldi, sem gerir það að verkum að starfsfólk verður leitt í starfi eða veikindi aukast. Rannsókn, sem m.a. var unnin af háskólasjúkrahúsinu í Árósum og dönsku vinnuumhverfisrannsóknarstöðinni (Det Nationale Forskningscenter for Arbejdsmiljø) sýnir að ósanngjarnir stjórnendur sem og óréttlátt vinnuumhverfi eru þeir þættir sem orsaka aukningu veikinda.

Matias Brødsgaard Grynderup hjá vinnuverndarstöðinni við háskólasjúkrahúsið í Árósum (Arbejdsmedicinsk Klinik) bendir á að vönduð og sanngjörn starfsmannastjórnun sé það sem mestu máli skiptir til að koma í veg fyrir kulnun í starfi.

„Ég horfi til stjórnunarstils þar sem stjórn-

endur leggja sig fram um að koma fram við starfsfólk sitt á sanngjarnan hátt – ásamt því að stofnunin hafi skýra sýn og gagnsæi í verkferlum“, segir Matias Brødsgaard Grynderup í viðtali við videnskab.dk.

Polistidningen nr. 7 2014

## Brjóstakrabbamein

Hættan á brjóstakrabbameini kvenna eykst úr tveimur í þrjú og hálf prósent hjá þeim konum sem vinna vakta- eða næturvinnu í meira en 20 ár.

Þetta kemur fram í rannsókn sem unnin var af Stressforskningsinstituttet og KI. Að auki kemur fram í nýlegri rannsókn, sem unnin var í Frakklandi að vakta- og næturvinna hefur sterk öldrunaráhrif á heila starfsemi viðkomandi (sjá einnig fréttina hér á undan). Ein skýring, í báðum þessum rannsóknum, er sú að í vakta- og næturvinnu er verið að snúa líkamsklukkunni við. Þeim mun lengur sem unnið er í vakta- eða næturvinnu, þeim mun hærri eru áhættuþættirnir.



## Næturvinna

Þegar þú vinnur næturvinnu þá hefur það áhrif á heilastarfsemina á þann hátt að heilinn virkar eldri en raunverulegur aldur þinn er. Þetta kemur fram í rannsókn sem sem háskólarnir í Swansea í Bretlandi og Toulouse í Frakklandi unnu. Fræðimenn við háskólana hafa um nokkurra ára skeið fylgst með þúsundum Frakka sem voru þátttakendur í rannsókn þeirra.

Rannsóknin sýndi fram á að því eldra sem fólk er þeim mun hægari vinna heilar þess. Þetta gerist undantekningarlaust eftir því sem fólk eldist. Rannsóknin sýndi einnig fram á að þeir þátttakendur í henni, sem unnið höfðu lengur en tíu (10) ár í vaktavinnu stóðu sig jafnilla í svörum við rannsóknarspurningunum og þeir þátttakendur (sem ekki höfðu unnið vaktavinnu) sem voru sex og hálfu áru eldri. Þessi þróun fór ekki að snúast marktækt við, hjá þeim um fimm árum eftir að þeir hættu að vinna á vöktum.





**Alltaf heima  
Alltaf í bústaðnum  
Alltaf í vinnunni**



Fibaro er í senn öryggis og hússtjórnarkerfi með ótal möguleikum sem bæta má við eftir þörfum. Kerfið getur m.a. séð um stýringu á ýmsum nemum og myndavélum auk þess að stýra hita og ljósum. Kveikt og slökkt á tækjum, stillt ljósmagn á öllum tegundum ljósa, látið vita af umgangi, opnum dyrum eða gluggum ofl. ofl..

Fibaro er þráðlaust kerfi sem sárafjálft er að setja upp. Engar lagnir eða rafmagnsbreytingar eru nauðsynlegar. Einfaldleiki kerfisins felst í valmyndakerfi sem er aðgengilegt í snjallsíma eða í gegnum tölvu. Þú veist hvað gerist heima, hvar sem þú ert því kerfið lætur vita ef eitthvað bjátar á eða eitthvað mætti betur fara.

Sparnaðurinn er fljótur að telja í rafmagns og hitakostnaði og þægindin eru augljós.

IceCom - Lyngás 10 - Garðabær - 414 4400 - icecom@icecom.is



ARNE JACOBSEN WATCHES  
www.rosendahl-timepieces.dk

Verð frá 64.900 kr.

**M**  
MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegi 15 - 101 Reykjavík - sími 511 1900 - www.michelsen.is

**K.C.-MÁLUN**

kcarter@internet.is  
GSM: 661-7979  
Kristmundur Carter

MÁLNING-SPARTSLA-VEGGFÓÐUR-FLÍSALOGN

**KEILUHÖLLIN**  
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

# STÖRF Í ÞÍNA ÞÁGU



**BSRB**

VERJUM  
VELFERÐINA

Öflug almannþjónusta stuðlar að jafnrétti, öryggi og réttlátara samfélagi. Skerðing opinberrar þjónustu er skerðing á lífsgæðum allra sem í landinu búa. Án vel mannaðrar opinberrar þjónustu myndi gjörbreytt samfélag blasa við.

Það er hagur okkar allra að grunnstoðirnar séu sterkar. Hvetjum stjórnvöld til að efla almannþjónustuna í stað þess að veikja hana. Styðjum við og verum stolt af fólkinu sem þjónar okkur í fjölbreyttum störfum hjá hinu opinbera um allt land.



Baldur  
lögregluáður

Hermann  
frístundaleiðbeinandi

Ingibjörg  
tollvörður

Hrefna  
flugöryggisvörður

Plútó  
fíkniefnahundur

Jolanta  
bréfberi

Brynja  
skólaláti



*Mynd tekin í aðventukaffi LRH fyrir eftirlaunaþega í lögreglunni.*



*Hundar lögreglu, fangelsismálastofnunar og tollgæslu ásamt hjálfurum sínum.*

# *Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi*

Stoð ehf, verkfræðistofa  
Sveitarfélagið Skagafjörður  
Verzlun Haraldar Júlíussonar  
Verzlunarmannafélag Skagafjarðar  
Vörumiðlun ehf

## **Varmahlíð**

Akrahreppur Skagafirði

## **Hofsós**

Bífreiðaverkstæðið Pardus ehf

## **Siglufrjörður**

Aðalbakarinn ehf  
Fjallabyggð  
Gistihúsið Hvanneyri

## **Akureyri**

ÁK smíði ehf  
Ásbyrgi - Flóra ehf  
Becromal Iceland ehf  
Beta brauð ehf  
Bífreiðastöð Oddeyrar ehf  
Bílapartasalan Austurhlíð  
Blikk- og tækniþjónustan ehf  
Blikkrás ehf  
Bæjarverk ehf  
Goya Tapas bar  
Grand þvottur ehf  
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf, www.rettarholl.is  
Hagvís ehf, heildverslun  
Hnýfill ehf  
Hvítsþói, art studio  
Höldur ehf, bílaleiga  
J M J herrafataverslun  
Jökla ehf  
Kaffi Amor ehf  
Kraftbílur ehf  
Miðstöð ehf  
Múrið ehf  
Möl og sandur  
Ossi ehf  
Pólarhestar ehf  
Rafeyri ehf  
Rafmenn ehf  
Raftákn ehf-Verkfræðistofa  
Rakara- og hárstofan Kaupangi  
Samvirkni ehf  
Sjómannaþaðið Víkingur  
Sólbaðstofan Stjörnusól  
Sólskógar ehf  
Stefna ehf  
Timbra ehf, byggingarverktaki

## **Grenivík**

Jónsabúð ehf

## **Dalvík**

Hibýlamálun, málningarþjónusta ehf  
Klaufi ehf

Miðlarinn ehf  
Promens Dalvík ehf  
Salka-Fiskmiðlun hf  
Steypastöðin Dalvík ehf

## **Ólafsfjörður**

Brimnes hótél og bústaðir  
Norlandia ehf  
Skiltagerð Norðurlands ehf

## **Húsavík**

Gentle Giants  
Gistiheimilið Kiðagil Bárðardal  
Gistiheimilið Sigtún ehf-www.gsigtun.is  
Hóll ehf, vinnuvélar og verktakar  
Höfðavélar ehf  
Norðursigling ehf  
Vermir sf

## **Mývatn**

Dimmuborgir guesthouse

## **Þórshöfn**

B.J. vinnuvélar ehf  
Geir ehf

## **Egilsstaðir**

Austfjarðaflutningar ehf  
Bílamálun Egilsstöðum ehf  
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf  
Gistihúsið Egilsstöðum  
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf  
Miðás ehf  
Rafey ehf  
Ökuskóli Austurlands sf

## **Seyðisfjörður**

Austfar ehf  
Brimberg ehf  
Seyðisfjarðarkaupstaður  
Stálstjörnur ehf  
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

## **Reyðarfjörður**

AFL - Starfsgreinafélag  
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi  
Tærgesen, veitinga- og gistihús

## **Eskifjörður**

Egersund Ísland ehf  
Ferðaþjónustan Mjóeyri  
Fjarðarþrif ehf  
Kaffihúsið Eskifirði  
Rafmagnsverkstæði Andrésar ehf

## **Neskaupstaður**

Haki ehf  
Síldarvinnslan hf  
Tröllli ehf-Siggi Nobb, gisting

## **Fáskrúðsfjörður**

Vöggur ehf

## **Stöðvarfjörður**

Ástrós ehf

## **Breiðdalsvík**

Dýralæknirinn á Breiðdalsvík

## **Djúpivogur**

Djúpavogshreppur

## **Höfn í Hornafirði**

Bókhaldsstofan ehf  
Gistiheimilið Hafnarnesi-  
www.hafnarnesi.is, s: 844 6175  
Jökulsárlón ehf  
Króm og hvítt ehf  
Rósaberg ehf  
Skinney-binganes hf  
Þingvað ehf

## **Selfoss**

Árvirkinn ehf  
Baldvin og Þorvaldur ehf  
Barnafataverslunin Do Re Mi  
Báran stéttarfélag  
Bílaþjónusta Péturs ehf  
Bíilverk B.A. ehf, bílamálun og bílaréttingar  
Bjarnabúð  
Bókaútgáfan Þjörk  
Brandugla slf, þýðingar  
Búhnykkur sf  
Fasteignasalan Árborgir ehf  
Félag opinberra starfsmanna Suðurlandi  
Flóahreppur  
Fossvélar ehf  
Hótél Geysir  
Hótél Gullfoss  
Hvíta Húsið  
Jeppasmiðjan ehf  
Karl R. Guðmundsson ehf  
Máttur sjúkráþjálfun ehf  
Nesey ehf  
Nýja tæknihreinsunin ehf  
Orkugerðin ehf  
P Kúld ehf  
Pylsuvagninn Selfossi  
við brúarendann  
Rafvélaþjónusta Selfoss ehf  
Reykhóll ehf  
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða  
Stíflupjónusta Suðurlands  
Súluholt ehf  
Sveitarfélagið Árborg  
Sýslumaðurinn á Selfossi  
Vélaverkstæði Þóris ehf  
X5 ehf

## **Hveragerði**

Bílaverkstæði Jóhanns ehf

Heilsustofnun NLFÍ-www.nlfi.is  
Kjörís ehf  
Litla kaffistofan  
Raftaug ehf

## **Þorlákshöfn**

Fiskmark ehf  
Frostfiskur ehf  
Landsbanki Íslands  
Sveitarfélagið Ölfus  
**Ölfus**  
Dýralæknaþjónusta  
Suðurlands  
Eldhestar ehf  
Garpar ehf  
Gljúfurbústaðir ehf

## **Stokkseyri**

Fjöruborðið

## **Flúðir**

Áhaldahúsið Steðji  
Flúðafiskur  
Flúðasveppir ehf  
Gröfutaekni ehf

## **Hella**

Ásahreppur  
Freyðing ehf  
Hestheimar,  
ferðaþjónustubýli  
-www.hestheimar.is  
Hestvit ehf  
Kanslarinn veitingahús

## **Hvolsvöllur**

Gestastofan Þorvaldseyri  
Sögusetrið Hvolsvelli-www.njala.is  
Torf túnþökuvinnsla ehf

## **Vík**

RafSuð ehf

## **Kirkjubæjarklaustur**

Ferðaþjónustan Efri-Vík ehf  
Icelandair Hótél Klaustur

## **Vestmannaeyjar**

Bergur-Huginn ehf  
Bílaverkstæði Sigurjóns  
Ísfélag Vestmannaeyja hf  
Karl Kristmanns,  
umboðs- og heildverslun  
Narfi ehf  
Ós ehf  
Sýslumaðurinn  
í Vestmannaeyjum  
Teiknistofa  
Páls Zóphóníassonar ehf



Þingið var haldið í Budapest í Ungverjalandi 18. október s.l. Þingið átti upphaflega að fara fram í Tyrklandi en Tyrkir sögðu sig frá því að halda þingið vegna anna við kosningar í Tyrklandi í haust. Ungverjar buðust til að halda þingið gegn 25.000 evra greiðslu frá USPE, sem gerir um 3,8 m. IKR. Þó svo að þessir peningar séu nánast ekki til hjá sambandinu var ákveðið að setta sig við þetta boð Ungverjanna. Óskar Bjartmarz og Guðmundur St. Sigmundsson sóttu þingið f.h. ÍSL. Fátt markvert var til umræðu á þinginu nema það helst að Bretar komu ekki með tillögu í þriðja sinn um að EPM mót yrðu opin öllum starfsmönnum lögreglu. Guðmundur var kosin annar af tveimur skoðunar mönnum reikninga sambandsins.

Á þinginu upplýsti formaður USPE að sambandinu hefði borist bréf rétt fyrir þingið frá Rússlandi, undirritað af einum af vara innanríkisráðherrum Rússlands. Í bréfinu var þess farið á leit við sambandið að aðild Rússlands að USPE yrði færð frá Rússneska lögregluþróttasambandinu til Dynamo sem eru íþróttasamtök allra ríkisstarfsmanna í Rússlandi. Rússneska lögregluþróttasambandið er með aðild að Dynamo. Tillaga formanns um að stjórninni yrði falið að fara yfir málið og afgreiða það



var samþykkt, með þeirri breytingu sem kom fram frá okkar fulltrúum, að þegar stjórnin væri búin að fara yfir málið, yrði ekki tekin ákvörðun fyrr en búid væri að kynna málið fyrir öllum aðildarsamböndum USPE.

Óskar Bjartmarz og Guðmundur St. Sigmundsson á þingi USPE.

# LANGAR ÞIG TIL ORLAANDÓ



NÓA  
Konfekt

KAUPTU 1KG ÖSKJU  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ  
FERÐ FYRIR 4\*

\* Kauptu 1KG öskju í næstu verslun og þú gætir unnið ferð fyrir 4 – Fjórir vinna ferð fyrir tvo fullorðna og tvei börn, dregið alla sunnudaga á adventunni.



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Sírius súkkulaði er ÖPP framleitt. ÖPP (Quality Partner Program) gerir kakórákendum kleift að reykja og framleiða kakóli á sjálfbærari og ábyrgan hátt. ÖPP ferlið tryggir fræðslu til kakóbanda varðandi ræktunaraðferðir sem og aðbúnað starfsfólks sem gerir þeim kleift að auka framleiðni sína á ábyrgan hátt. Auk þess kemur ÖPP að fræðslumálum, heilsugæslu og aðgengi að hreinu vatni í kakóráktersamfélögum og stuðlar þannig að betri lífsskilyrðum þeirra sem þar búa.



# Evrópumeistaramót lögreglumanna í Maraðon í

Evrópumót lögreglumanna (EPM) í maraðoninu var haldið í Graz í Austurríki 12. október s.l. Íþróttasamband lögreglumanna sendi 6 keppendur á mótið en það voru:

Birgir Már Vigfússon (RLS)  
Flosi Brynjólfsson (LRH)  
Ingibjörg Pétursdóttir (LRH)  
Hildur Sunna Pálmadóttir (LRH)  
Samúel A. W. Ólafsson (LSS) og  
Sveinbjörn Magnússon (LSS)

Fararstjóri var Hálfán Daðason (Sérst. Saks.) og liðsstjóri var Jóhann Karl Þórisson (LRH)

Undirbúningur fyrir maraðonið hófst í byrjun janúar 2014 en þá var kannað hvort lögreglumenn hefðu áhuga á að fara til keppni á evrópumót lögreglumanna (EPM) í víðavangshlaupi, þríþraut og maraðonhlaupi. Þrjár hlaupa og þolgreinar, þrjú mót sem halda skyldi á árinu 2014. Síðar kom í ljós að víðavangshlaupinu var frestað um tvö ár og enginn gaf sig fram í þríþrautina.

Haldnar voru hlaupaæfingar einu sinni í mánuði fram í apríl þar sem hópurinn hittist við sundlauginu í Laugardal og hljóp 10 km í tímatöku. Á þessum tíma kvarnaðist aðeins úr hópnum sem upphaflega byrjaði.

Ákveðið var að velja hópurinn sem færi til Austurríkis í byrjun júlí, þannig gæfist þátttakendum kostur á því að hlaupa ½ maraðon í annaðhvort vormaraðoninu eða miðnæturmaraðoninu. Tímar úr þessum hlaupum yrðu svo hafðir til hliðsjónar við valið á keppendum.

Ingibjörg Pétursdóttir átti tíma úr Boston maraðoninu 2014 og var hann látinn gilda, hin öll nældu sér í þryðisgóða tíma og stóðust öll væntingar okkar.

Þegar hópurinn hafði verið valinn þá var Gunnar Páll Jóakimsson hinn frækni hlaupaþjálfari Kári Steins og Aníta fengin til að aðstoða hópurinn við undirbúninginn og setja upp hlaupaáætlun fyrir hvern og einn. Undirbún-



Íslenskir þátttakendur í maraðonhlaupi EPM

ingurinn gekk vel, Birgir og Hildur hlupu m.a. Laugavegin (55 km) og svo tók allur hópurinn þátt í ½ maraðoni Reykjavíkurmaraðons. Þrátt fyrir smávægileg meiðsl voru allir klárir í slaginn í Keflavík föstudaginn 10. október.

### Föstudagur 10. Október:

Flogið var til Gardermoen flugvallar í Osló og þaðan eftir stutt stopp til Vínarborgar í Austurríki. Þar beið okkar bílaleigubíll og tók

þá við rúmlega 200 km akstur til borgarinnar Graz.

Komið var á hótelið um kl. 20:00 að staðartíma eftir um 14 klst. ferðalag. Eftir að hafa rifið í sig kvöldmatinn þurfti hópurinn að mæta til skráningar, sýna lögregluskilríki og fá afhent númer og önnur gögn varðandi hlaupið.

Hálfán og ég þurftum fljótlega eftir það að mæta á tæknifund með fararstjórum og liðstjórum allra liðanna. Að því loknu var tekinn smá fundur með íslenska liðinu og dagskráin lögð fram.

### Laugardagur 11. október:

Frjáls tími var til kl. 13:00 en þá var boðið upp á skoðunarferð um miðborg Graz.

Keppendur vöknuðu snemma og fóru út að skokka í morgunþokunni.

Létum við það eftir Ingibjörgu og Hildi að fara eftir morgunmatinn í næsta „moll“ þar sem H&M verslun nokkra var að finna þar sem þeim og strákuinum var sleppt lausum



Íslenskir þátttakendur í maraðonhlaupi EPM



ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ





til hádegis. Sól skein í heiði og hitinn fór yfir 20° og ekki laust fyrir að smá kvíði læddist að keppendum vegna hitans enda voru þau ekki vön að hlaupa í slíkum hita.

Eftir hádegisverð, reykingamegin í matsal hótelsins (Já þeir leyfa enn reykingar inni á matsölustöðum og börum) þá var lagt í skoðunarferð um miðborg Graz. Farið var með kláf upp á Kastalahæðina Schlossberg en þar uppi var reistur kastali á 10. öld og var mikið virki æ síðan sem aldrei varð sigrað en að mestu eyðilag af her Napoleons árið 1809. Þar er nú að finna marga veitingastaði og minjar til að skoða eins og klukkuturninn The Grazer Schloßberg Clock Tower. Hæðin er öll sundurgrafinn að innan enda var það notað sem skjól fyrir íbúana í seinni heimstyrjöldinni fyrir loftárásam.

Skoðunarferðin endaði svo við Óperuhúsið þaðan sem ræst yrði í maraþonið.

Kl. 18:00 hittust allir þátttakendur og fararstjórar í hótél garðinum þar sem opunarhátiðin var haldin. Fánaberar frá hverju landi gengu fylktu liði inn undir lúðrablaestri stórsvæitar Austurrísku lögreglunnar. Borgarstjórnin, formaður Evrópska lögregluþróttasambandsins, (USPE), lögreglustjórnin í Graz og formaður Íþróttasambands lögreglumanna í Austurríki héldu ræður. Að því loknu var blásið til pastaveislu á hótelinu.

Eftir mat var haldinn fundur fararstjóra og liðstjóra en keppendur héldu til herbergja til að hvílast fyrir hlaupið daginn eftir.

## Sunnudagur 12. Október:

Keppendur vöknudú snemma og stundvíslega kl. 08:00 lagði rútan af stað frá hótelinu áleiðis niður í miðborg Graz. Hlaupið sjálft átti að hefjast kl. 10:00. Miðborgin var öll meira og minna lokuð og voru lögreglumenn við gæslu á öllum gatnamótum í miðborginni og hér og þar meðfram brautinni. Skipuleggjendur EPM í maraþoni höfðu samið við stjórnendur hlaupsins um að lögreglumennirnir myndu

fá að ræsa fremst með „bestu“ hlaupurunum svokölluðu Elite group. Veðuraðstæður voru okkar fólki ekki hliðhollar en heiðskýrt var og hitinn fljótlega kominn yfir 20°.

Fljótlega eftir að hlaupið var ræst tók Birgir Már Vigfússon forystuna af Íslendingunum, þegar við sáum þau næst við 19 km skiltið var Birgir fyrstur, Samúel annar, svo komu þeir Sveinbjörn, Flosi, Ingibjörg og Hildur. Allir virtust í finu formi.

Markmið höfðu verið sett, Birgir ætlaði undir 3 klst. Hinir strákarnir ætluðu að vera milli 3:15 - 3:30 klst. og stelpurnar 4:00 - 4:15 klst.

Við 32 km markið var ljóst að eitthvað hafði farið úrskeiðis Birgir var orðinn talsvert frá sínu markmiði og öllum hinum hafði seinkað verulega.

Þau skiluðu sér svo öll í mark sumir af meira harðfylgi en aðrir en Ingibjörg Pétursdóttir sýndi verulega hörku og þrjósku þegar hún uppgötvaði að hún hafði villst af leið og hlaupið með hálf maraþon hlaupurunum í mark, hún þurfti því að taka ákvörðun um að hætta eða hlaupa á móti straumnum tvo km til baka til að komast aftur inn á maraþonbrautina. Með þessu bætti hún við 4 km og endaði því á að hlaupa 46 km í stað 42 km.

## Tímarnir urðu sem hér segir:

Birgir Már Vigfússon	3:09:11
Samúel A.W.Ólafsson	3:30:38
Sveinbjörn Magnússon	3:59:25
Flosi Brynjólfsson	4:02:34
Ingibjörg Pétursdóttir	4:37:52
Hildur Sunna Pálmadóttir	4:45:05

Þjóðverji vann í karlaflokki á 2:25 klst. og dani varð nokkrum sek. á eftir. Þess má geta að íslandsmet Kára Steins er 2:17:12.

Þjóðverji vann einnig í kvennaflokki og Breti varð í öðru sæti nokkrum sek. á eftir.

Okkar hlauparar hlutu mikla athygli fyrir



Íslenskir þátttakendur í maraþonhlaupi EPM.

seiglu og dugnað, þar sem aðeins tveir úr hópnum höfðu áður hlaupið maraþon. Loka-hófið var síðan haldið um kvöldið þar sem slett var úr klaufunum.

## Mánudagur 13. október:

Það voru þreyttir og stíðir lögreglumenn sem yfirgáfu hótelið í Graz og héldu heim á leið. Allir þokkalega ánægðir þrátt fyrir að markmiðum hafi ekki verið náð að fullu. Allir staðráðnir í að gera betur á norðurlandamóti lögreglumanna (NPM) árið 2015 sem haldið verður á Íslandi í tengslum við Reykjavíkurmaraþon.

Hálfán og Jói Kalli fylgdust grannt með umgjörð mótsins í Graz og koma til með að miðla af þeirri reynslu og vísu við undirbúning NPM 2015.

Eftir millilendingu á Kastrup flugvelli komust allir heim heilu og höldnu að kvöldi mánudagsins.

Skemmtilegri ferð lokið og vil ég fyrir hönd stjórnar ÍSL þakka þátttakendum sérstaklega fyrir jákvæðni, gláðværd og ædruleysi þeirra í þessari ferð, sannur íþróttandi sveif yfir vötnum. Við erum stolt af þeim öllum fyrir að hafa lagt á sig margra mánaða æfingar, svita og tár til að keppa fyrir hönd íslenskra lögreglumanna.

Jóhann Karl Þórisson





# Þing ÍSL 2014

Þingið var haldið laugardaginn 25. október s.l. í félagsheimili lögreglunnar á Suðurnesjum. Þingið átti að fara fram í maí en var frestað fram í október. Það voru fulltrúar frá LRH, Sérstökum saksóknara, Akranesi, Vestfjörðum, Akureyri og Suðurnesjum ásamt stjórnarmönnum ÍSL sem sóttu þingið.

Í upphafi þings var samþykkt samhljóða inn-ganga íþróttafélags Sérstaks saksóknara, sem hafði sótt um inngöngu í ÍSL í mars á þessu ári og samþykkti stjórnin hana til bráðabirgða, en þing ÍSL samþykkir síðan endanlega inngöngu nýrra aðila. Fyrir þinginu lágu all margar tillögur um breytingar á lögum og reglum sambandsins. Upphaf þessara breytinga varð á formannafundi ÍSL í mars s.l. en stjórnin tók síðan málið yfir og fór yfir lög og allar reglur. Tillögurnar voru afrakstur þessarar vinnu. Allar voru breytingarnar samþykktar nær óbreyttar. Meðal breytinga á lögum var færsla á þingtíma frá maí til september/október. Þá kom einnig fram tillaga, frá Vestfirðingum, um reglur fyrir hreystimót ÍSL sem var samþykkt. Tvær breytingar urðu á stjórninni, Óskar Sigurpálsson og Friðrik K. Jónsson gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Í stað þeirra voru kosnir þeir Ólafur Örvar Ólafsson Suðurnesjum og Jón Gunnar Sigurgeirsson LRH. Aðrir í stjórn eru Arinbjörn Snorrason, Guðmundur St. Sigmundsson, Gissur Guðmundsson, Hafdís Björk Albertsdóttir og Jóhann Karl Þórisson LRH, Hálfán Daðason Sérstökum saksóknara, Jón S. Ólason Akranesi og Kristján Freyr Geirsson Suðurnesjum. Formaður var kosinn Óskar Bjartmarz Seyðisfirði. Að loknu þingi fór fram afhending heiðursmerkja ÍSL.



Frá þingi ÍSL.

## Heiðursmerki ÍSL árið 2014

Afhending merkjanna fór fram laugardaginn 25. október í hófi að afloknu þingi ÍSL.



Óskar Bjartmarz og Guðlaugur Gíslason.

## Gullmerki hlutu:

### Aðalsteinn Bernharðsson

Aðalsteinn hefur verið atkvæðamikill á sviði íþróttalögglumanna. Hann keppti f.h. ÍSL í frjálsum íþróttum, á NPM í Osló 1984, EPM í Avila á Spáni 1986, NPM í Árósum 1998 og á EPM í V-Berlín 1990. Hann keppti í 100 m. hlaupi og 100 m grind, 400 m. hlaupi og 400 m. grind. Hann hefur verið þjálfari/-liðsstjóri á skólamótum Norrænu Sakamálabókarinnar, þar sem nemendur lögregluskóla keppa sín á milli fyrst í lögreglufimmtarþraut og síðar í þriðraut. Mótin urðu alls sjö og var hann á þeim öllum. Hann hefur verið í forsvari fyrir íþróttafélag lögregluskólans og tekið þátt í þingum ÍSL. Hann fékk bronsmerki ÍSL árið 1992 og silfurmerki ÍSL árið 2006.

### Guðlaugur Gíslason

Guðlaugur tók fyrst þátt í norðurlandamóti í handknattleik í Kaupmannahöfn 1974 á vegum ÍFL Rvík. Hann keppti í golfi f.h. ÍSL á einu NPM móti í Malmö 1998 og 5 landskeppnum við Svía og Frakka, bæði hér heima og erlendis. Hann tók mikið þátt í landsmótum í innanhúsknattspyrnu og síðar öldungamótum. Lengst af hefur hann verið með á landsmótum í golfi og er enn að. Hann fékk bronsmerki ÍSL árið 1996 og silfurmerki ÍSL árið 2006.

### Hjálmar Hallgrímsson

Hjálmar hefur verið atkvæðamikill í íþróttum lögreglumanna. Hann hefur keppt f.h. ÍSL í knattspyrnu, innanhúsknattspyrnu og körfuknattleik. Hans fyrsta mót var NPM í knattspyrnu 1987 í Vordingborg í Danmörku, hann var síðan með á öllum NPM mótum í knattspyrnu til og með árinu 2003, samtals 5 mót. Hann var í liði ÍSL í tveimur undankeppnum EPM í knattspyrnu árin 1988 og



Frá þingi ÍSL.



**Óskar Bjartmarz og Kristinn Pedersen.**



**ÓB og Stefán Örn Arnarson.**



**ÓB og Ásmundur Kr. Ásmundsson.**



**ÓB og Bjarni Ólafur Ólafsson.**



**ÓB og Gísli I. Þorsteinsson.**



**ÓB og Ingólfur Már Ingólfsson.**

1992. Hann var í liði ÍSL í körfuknattleik í þremur undankeppnum EPM í körfuknattleik árin 1997, 2001 og 2005. Í þeirri síðustu árið 2005 komst lið ÍSL áfram og fór í úrslitakeppnina í Limasol/Kýpur og þar var hann einnig með. Þá hefur hann verið með í einu innanhússknattspyrnumóti Norrænu Sakamálabókarinnar.

Hjálmar á að baki 36 leiki í þessum greinum sem leikmaður f.h. ÍSL. Þá var hann þjálfari liðs ÍSL í innanhússknattspyrnu á World Police Indoor Soccer Tournament árið 2012 í Hollandi. Hann hefur verið með á landsmótum lögreglumanna frá því hann hóf störf í lögreglunni og síðar öldungamótum. Þá hefur sést til hans á landsmótum ÍSL í golfi. Það hefur alltaf verið mikið líf og fjör í kringum Hjálmar. Hann fékk bronsmerki ÍSL árið 1992 og silfurmerki ÍSL árið 2008.

#### **Kristinn Pedersen**

Kristinn tók fyrst þátt í NPM í handknattleik í Kaupmannahöfn árið 1974 á vegum ÍFL Rvík. Síðan NPM í Malmö í handknattleik árið 1978 einnig á vegum ÍFL Rvík. Tvisvar keppti hann í knattspyrnu f.h. ÍSL annarsvegar á NPM í knattspyrnu 1983 í Osló og hinsvegar leik í undankeppni evrópumótsins í knattspyrnu en það var leikur gegn Bretum í Keflavík árið 1984. Kristinn tók þátt í fyrsta landsmótinu í innanhússknattspyrnu árið 1976 og var með í nokkra áratugi þar á eftir og endaði á öldungamótum. Hann hefur aðeins fíktað við golfið hin síðari ár en mætti sjást oftast á landsmótum. Hann fékk bronsmerki ÍSL árið 1994 og silfurmerki ÍSL árið 2008.

#### **Ólafur Ásgeirsson**

Ólafur var forsvarsmáður lögregluíþróttá

Akureyri í mörg ár. Hann tók þátt í mörgum landsmótum í innanhússknattspyrnu og síðar öldungamótum. Sá um mótshald landsmóta í þessum greinum þegar þau voru haldin á Akureyri. Hann lét sig mikið varða íþróttir lögreglumanna og studdi þær með ráðum og dáð sem yfirmaður í lögreglunni.

### **Silfurmerki hlutu:**

#### **Árni Friðleifsson**

Árni keppti f.h. ÍSL fyrst á EPM í handknattleik í Reykjavík árið 1988. Síðan keppti hann á EPM 1992, NPM 1990, 1994, 1998, 2006 og 2013. Þá keppti hann á handknattleiksmótum Norrænu Sakamálabókarinnar árin 2000 og 2004. Hann var þjálfari kvennaliðs ÍSL í handknattleik á NPM í Larvík Noregi 2013. Hann hefur leikið 23 leiki f.h. ÍSL. Hann fékk bronsmerki ÍSL árið 1992.

#### **Ásmundur Kr. Ásmundsson**

Ásmundur keppti f.h. ÍSL í körfuknattleik á Evrópumótinu í Aþenu árið 1993 og síðan í undankeppni fyrir evrópumótið árið 1997 en undankeppnin fór fram í Roskilde í Danmörku. Hann lék 6 leiki f.h. ÍSL. Hann hefur tekið þátt í mörgum landsmótum og öldungamótum í innanhússknattspyrnu. Einnig hefur hann keppt í landsmótum í golfi. Þá var hann formaður golfklúbbs GLR og hefur hann sem slíkur komið að framkvæmd landsmóta í golfi. Hann hefur verið ritari á þingum ÍSL undanfarin þing og gert það með stakri þryði. Hann fékk bronsmerki ÍSL árið 2010.

#### **Bjarni Ólafur Ólafsson**

Bjarni keppti f.h. ÍSL í handknattleik á NPM árin

1990, 1994 og 1998 og á EPM 1992. Bjarni lék 10 leiki f.h. ÍSL. Hann hefur tekið þátt í landsmótum ÍSL í innanhússknattspyrnu og öldungamótum. Hann fékk bronsmerki ÍSL 1998.

#### **Hjálmar Kristjánsson**

Hjálmar var þjálfari á innanhússknattspyrnumóti Norrænu sakamálabókarinnar í Tampere í Finnlandi árið 2007. Hann hefur tekið þátt í mörgum landsmótum og öldungamótum í innanhússknattspyrnu. Hjálmar hefur verið atkvæðamikill í framkvæmd landsmóta ÍSL bæði í Hafnarfirði á sínum tíma og síðar f.h. ÍFL Reykjavík. Þar hefur hann setið í stjórn og verið formaður í nokkur ár. Hann fékk bronsmerki ÍSL árið 2010.

#### **Gísli I. Þorsteinsson**

Gísli keppti f.h. ÍFL Reykjavík á norðurlandamóti í judo í Kaupmannahöfn árið 1974 og 1978 í Malmö en á þessum árum fór norðurlandamót lögreglumanna samtímis fram í handknattleik, judo og lyftingum. Gísli varð norðurlandameistari árið 1974 í 80 – 95 kg. flokki og í Helsinki 1982 í 86 kg. flokki, en þar keppti hann f.h. ÍSL í fyrsta skipti. Þá keppti Gísli á EPM í Göppingen í Þýskalandi 1984. Hann hefur tekið þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu og öldungamótum. Þá hefur hann einnig keppt á landsmótum í skotfimi og golfi. Gísli fékk bronsmerki ÍSL árið 1992.

#### **Guðbrandur Sigurðsson**

Guðbrandur keppti fyrst f.h. ÍSL á EPM í körfuknattleik í Aþenu árið 1993. Hann var í liði ÍSL í undankeppni EPM í Hrósarskeldu árið 1997. Hann var einnig í liði ÍSL á afmælistóti USPE árið 2000 í Avila á Spáni. Guðbrandur lék 10 leiki f.h. ÍSL. Hann fékk bronsmerki ÍSL árið 2002.



# Þing ÍSL 2014



ÓB og Sveinn Ægir Árnason.

## Guðmundur Ómar Þráinsson

Guðmundur Ómar keppti fyrst f.h. ÍSL á EPM í körfuknattleik í Aþenu árið 1993. Hann var í liði ÍSL í undankeppni EPM í Hróarskeldu árið 1997. Þá var hann í liði ÍSL í undankeppni EPM í körfuknattleik í Exeter árið 2001. Hann fékk bronsmerki ÍSL árið 2006.

## Hörður Jóhannesson

Hörður keppti fyrst f.h. ÍSL á NPM í knattspyrnu árið 1983. Hann var liðstjóri handknattleikslíðs ÍSL þegar við urðum Evrópu-meistarar árið 1984 og einnig á EPM árið 1988 í Reykjavík. Hann hefur tekið þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu og öldungamótum. Hann var í forsvari fyrir gólffélaga hjá RLR og kom sem slíkur að mótshaldi landsmóta í golfi. Hann hefur einnig tekið þátt í þeim nokkrum sem keppandi. Hann sat í stjórn ÍSL í nokkur ár og var gjaldkeri 1983 – 1984. Hann var skoðunarmaður reikninga ÍSL í mörg ár. Hann fékk bronsmerki ÍSL árið 1994.

## Ingólfur Már Ingólfsson

Ingólfur Már var í liði ÍSL á NPM í handknattleik árið 2002 en náði þar engum leik þar sem hann slasaðist á æfingu í upphafi móts. Hans fyrsta keppni f.h. ÍSL var á lögregluskólamóti Norrænu sakamálabókarinnar árið 2003 en þá var keppt í lögreglufimmtarþraut. Hann hefur verið með á NPM í handknattleik árið 2006, einu handknattleiksmóti árið 2004 og einu innanhússknattspyrnumóti Norrænu sakamálabókarinnar árið 2007. Hann hefur leikið 10 leiki f.h. ÍSL. Ingólfur Már hefur verið atkvæðamikill á landsmótum í innanhússknattspyrnu og öldungamótum. Ingólfur Már átti



ÓB og Vilhjálmur Árnason.

hugmyndina að Lögghreyfingu sem fram fór í haust og var einn af framkvæmdaaðilum að mótinu. Hann hefur verið í stjórn ÍFL Rvík og sem slíkur komið að framkvæmd landsmóta f.h. ÍFL Rvík. Hann fékk bronsmerki ÍSL árið 2006.

## Lúðvík Kristinsson

Lúðvík keppti fyrst f.h. ÍSL í körfuknattleik í undankeppni EPM árið 1997 í Hróarskeldu. Hann tók einnig þátt í undankeppnum EPM í körfuknattleik árið 2001 í Exeter og árið 2005 í Cardiff þar sem liðið komst áfram og var hann í liðinu í útslitum í Limasol/Kýpur sama ár. Hann var einnig í liði ÍSL á afmælistóti USPE árið 2000 í Avila á Spáni. Lúðvík lék 14 leiki f.h. ÍSL. Hann hefur verið með á landsmótum í innanhússknattspyrnu og öldungamótum. Hann fékk bronsmerki ÍSL árið 2006.

## Pétur Guðmundsson

Pétur varð norðurlandameistari lögreglumanna í kúluvarpi árið 1988 í Árósum og Evrópu-meistari lögreglumanna í London árið 1994. Einnig keppti hann í kúluvarpi á evrópumótinu í Prag árið 2006. Þá kastaði hann kringlunni á EPM í London árið 1994. Hann fékk bronsmerki ÍSL árið 2006.

## Skúli Jónsson

Skúli keppti f.h. ÍSL á NPM í Vordingborg í Danmörku árið 1987, Reykjavík árið 1991 og í Áhus í Svíþjóð árið 1995. Hann var einnig í liðinu í undankeppnum EPM í knattspyrnu í Tommelilla í Svíþjóð árið 1988 og Osló árið 1992. Hann lék 14 leiki á þessum mótum og var markmaður. Síðasta mótið sem hann var með á var innanhússknattspyrnumót Norrænu Sakamálabókarinnar í Áhus í Svíþjóð árið 2002 með liði Keflvíkinga. Hann hefur



ÓB og Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir.

tekið þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu og öldungamótum. Skúli hefur einnig tekið þátt í landsmótum í golfi. Hann hefur verið framkvæmdaaðili landsmóta ÍSL. Skúli fékk bronsmerki ÍSL árið 1992.

## Sveinn Ægir Árnason

Sveinn Ægir keppti fyrst f.h. ÍSL í körfuknattleik á afmælistóti USPE árið 2000 í Avila á Spáni. Hann var í liðinu í undankeppni EPM í körfuknattleik í Exeter á Englandi árið 2001 og undankeppi EPM í körfuknattleik árið 2005 í Cardiff/Wales þar sem liðið komst áfram og var hann í liðinu í útslitum í Limasol/Kýpur sama ár. Næst var Sveinn Ægir með á NPM í knattspyrnu í Árhús árið 2007 og aftur á Íslandi árið 2011. Hann hefur leikið 19 leiki á þessum mótum. Þá má geta þess að hann hefur verið liðtækur í golfi og keppt á mörgum landsmótum og unnið þar til verðlauna. Hann hefur tekið þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu og öldungamótum. Þá hefur hann verið framkvæmdaaðili landsmóta ÍSL. Sveinn Ægir er einn af þeim íþróttamönnum sem býr yfir mikilli elju og samviskusemi sem hefur gert það að verkum að hann hefur verið í landsliði ÍSL bæði í körfuknattleik og knattspyrnu og er enn að. Hann fékk bronsmerki ÍSL árið 2006.

## Vilhjálmur Árnason fyrrverandi lögreglumaður og núverandi alþingismaður

Vilhjálmur hefur verið ritstjóri Ferðafélagsins sem ÍSL hefur gefið út frá því árið 1984. Vilhjálmur hefur verið ritstjóri frá árinu 2007 og hélt því áfram eftir að hann tók sæti á Alþingi.





ÓB og Jóhannes Gauti Sigurðsson.

## Bronsmarki hlutu:

### Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir

Arnfríður Gígja keppti fyrst f.h. ÍSL á lögregluskólamáti Norrænu Sakamálabókarinnar árið 2002 í lögreglummtarþraut. Hún keppti á NPM móti í viðavangshlaupi í Motala í Svíþjóð árið 2009 og síðan á NPM móti í handknattleik í Larvík í Noregi árið 2013. Hún er allhliða íþróttakona.

### Ásbjörn Stefánsson

Ásbjörn keppti fyrst f.h. ÍSL á NPM í handknattleik árið 2006 í Áhus í Svíþjóð, næst var hann með árið 2009 á NPM í handknattleik í Hafnarfirði þar sem hann varð norðurlandameistari. Síðasta mót hans var NPM í handknattleik í Larvík í Noregi árið 2013. Ásbjörn hefur leikið 7 leiki f.h. ÍSL. Hann hefur tekið þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu og öldungamótum. Einnig hefur hann keppt í golfi.

### Birgir Már Vigfússon

Birgir Már er allhliða íþróttamaður, keppti fyrst f.h. ÍSL á lögregluskólamáti Norrænu sakamálabókarinnar í þriðraut árið 2008. Hann var í sigurliði á NPM í golfi árið 2009 í Skörping í Danmörku, í liðinu á NPM í golfi í Vestmannaeyjum árið 2013 og núna síðast á EPM í maraþon í Graz í Austurríki þar sem hann náði mjög góðum árangri. Hann hefur tekið þátt í landsmótum í golfi og holukeppni ÍSL þar sem hann varð holumeistari ÍSL árið 2014.

### Jóhanna Steingrimsdóttir

Jóhanna keppti fyrst f.h. ÍSL á handknattleiksmóti Norrænu sakamálabókarinnar árið 2004



ÓB og Jón Gunnar Sigurgeirsson.

í Helsingör í Danmörku, NPM í handknattleik í Larvík Noregi árið 2013. Þá var hún í liði ÍSL í innanhússknattspyrnumóti Norrænu sakamálabókarinnar í Tampere Finnlandi árið 2007. Hún hefur leikið 6 leiki f.h. ÍSL.

### Jóhannes Gauti Sigurðsson

Jóhannes Gauti keppti fyrst f.h. ÍSL á innanhússknattspyrnumóti Norrænu sakamálabókarinnar árið 2007 í Tampere í Finnlandi. Hann var með á NPM í knattspyrnu á Sauðárkróki árið 2011 og síðan var hann í liði ÍSL í innanhússknattspyrnumótinu á WPIST mótinu árið 2012 í Eibergen í Hollandi. Hann hefur leikið 14 leiki f.h. ÍSL.

### Jón Gunnar Sigurgeirsson

Jón Gunnar keppti fyrst f.h. ÍSL í körfuknattleik í undankeppninni í Cardiff/Wales árið 2005 og síðan í úrslitakeppninni sama ár í Limasol á Kýpur. Þá var hann í landsliðinu í knattspyrnu á NPM í knattspyrnu á Sauðárkróki árið 2011. Hann hefur leikið 8 leiki f.h. ÍSL. Hann hefur verið mjög mikið í framkvæmd landsmóta fyrst í Hafnarfirði og síðar fyrir ÍFL Rvík. Hann hefur tekið þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu og öldungamótum.

### Jón Kr. Valdimarsson

Jón Kr. hefur mikið séð um framkvæmd landsmóta í innanhússknattspyrnu bæði yngri keppenda og öldunga. Hann hefur verið formaður Íþróttafélags lögreglunnar á Akureyri í mörg ár. Hann hefur tekið þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu og öldungamótum.

### Ólafur Örvar Ólafsson

Ólafur Örvar keppti fyrst f.h. ÍSL á lögreglu-



ÓB og Ólafur Örvar Ólafsson.

skólamáti Norrænu sakamálabókarinnar árið 2003 í Stokkhólmi þar sem hann keppti í lögreglummtarþraut. Hann var í liði ÍSL á NPM í knattspyrnu í Stavanger í Noregi árið 2003 og NPM í knattspyrnu á Sauðárkróki árið 2011. Þá var hann í liði ÍSL í innanhússknattspyrnumóti WPIST árið 2012 í Eibergen í Hollandi. Hann hefur leikið samtals 14 leiki. Hann hefur tekið þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu og öldungamótum.

### Stefán Örn Arnarson

Stefán Örn keppti fyrst f.h. ÍSL í knattspyrnu á NPM árið 2011 á Sauðárkróki. Hann var í liði ÍSL í innanhússknattspyrnumótinu á WPIST mótinu árið 2012 í Eibergen í Hollandi. Hann lék með á NPM í handknattleik í Larvík í Noregi árið 2013. Hann hefur leikið 12 leiki f.h. ÍSL. Hann hefur tekið þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu.

### Trausti Freyr Jónsson

Trausti Freyr keppti fyrst f.h. ÍSL í körfuknattleik í undankeppninni í Cardiff/Wales árið 2005 og síðan í úrslitum sama ár í Limasol á Kýpur. Hann hefur séð um framkvæmd landsmóta í golfi og innanhússknattspyrnu fyrir Skagamenn. Hann hefur tekið þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu.

Nokkrir ofangreindra mættu í hóf að loknu þingi ÍSL árið 2014 og fengu merki sín afhent. Aðrir hafa fengið merki sitt afhent eftir þing og þeim sem eftir eru verða afhent merki sitt við fyrsta tækifæri.

Óskar Bjartmarz

staparent

Prentþjónusta

Sími 421 4388

Netfang staparent@simnet.is



FLUGELDAR  
STJÖRNULJÓS





# Öldungamót ÍSL í innanhússknattspyrnu árið 2014

Mótið var haldið á Akureyri dagana 31. október – 1 nóvember s.l. Fimm lið mættu til leiks að þessu sinni og því var ákveðið að aðeins yrði leikið á laugardeginum og að leikin ein umferð. Þátttakendur mættu þó á föstudeginum og var skipulagður hittingur á föstudagskvöldinu þar sem að þátttakendur komu saman, ræddu um markmið og settu pressu á hvorn annan. Almenn virtust allir mjög sáttir að vera mættir norður og hefur verið mjög góð stemming og eftirvænting undanfarin ár að taka þátt í þessu móti.

Liðin sem mættu til leiks voru: Suðurnes, LRH/ÁFD, RLS/EES, LRH og Norðurland. Alls voru skorud 105 mörk á mótinu og sáust nokkuð góð tilþrif á köflum.

Það var nú ekki bjart yfir mótinu í byrjun því eftir aðeins nokkrar mínútur í fyrsta leik þá voru keppendur búnir að sýna það mikla hörku að það skapaði óvissuástand varðandi framhaldið. En eins og undanfarin ár hefur ÍLA lagt metnað í að fá góða dómara og að þessu sinni var Pepsi-Deildar dómari Þór-oddur Hjaltalín sem hélt fund í miðjum leik með viðkomandi leikmönnum og þetta var kæft í fæðingu.

Óhætt er að segja að eftir þetta var ekkert sem kom upp á hvað varðar dómgæsluna enda þótti hún með eindæmum góð og höfðu menn það á orði eftir mótið.

Að lokum voru það Suðurnesjamenn sem að stóðu uppi sem sigurvegarar með 7 stig, jafnmörg stig og LRH/ÁFD en með betra



**Lið Suðurnesja með sigurlaunin.**

markahlutfall en aðeins fjögur mörk skildu liðin að.

Markakóngur mótsins var eins og undanfarin ár, Kristján Freyr Geirsson frá Suðurnesjum. Að loknu mótinu var haldið lokahóf þar sem veitt voru verðlaun og mótið tekið saman.

Ólafur Ásgeirsson fyrrverandi aðstoðarlögregluþjónn á Akureyri fékk afhent gullmerki ÍSL og hélt hann skemmilega ræðu að því loknu. Óskar Bjartmarz afhenti liðunum

síðan verðlaunin og liðin völdu þvínæst mann mótsins sem var Jónatan Guðbrandsson LRH/ÁFD.

Eins og var tilkynnt á síðasta móti er stefnt að því að þetta mót verði haldið áfram á Akureyri og hvetjum við menn til að fara huga að því að mæta á næsta mót.

**Fh. ÍLA  
Haraldur Hringsson**

## Stuttfréttir

Landsmóti í skotfimi, 2014, sem halda átti í nóvember varð að fresta af óviðráðanlegum ástæðum. Stefnt er á að mótið fari fram í janúar en það á að fara fram í Borgarnesi.

## Mótalisti: 2014 - 2015

	Umsjón/mótsstaður	Dags.
<b>Landsmót:</b>		
Skotfimi	Skotnefnd ÍSL/Borgarnes	janúar
Innanhússknattspyrna	Sérstakur saksóknari	mars/apríl
Golf	Vesturland	júlí/ágúst
Skotfimi	Skotnefnd ÍSL	október
Öldungamót í innanhússknattspyrnu	Akureyri	október
<b>Norðurlandamót:</b>		
Knattspyrna	Noregur/Þrándheimur	22. – 26. júní
Mararþon	Reykjavík	22. ágúst
<b>Evrópumót:</b>		
Judo	Þýskaland/Dresden	10. – 13. maí
Borðtennis	Búlgaría/Varna	27. – 31. maí
Körfuknattleikur/kvenna	Frakkland	09. – 15. júní
Tennis	Ítalía	12. – 19. september
Blak/kvenna	Rússland/Skt. Pétursborg	05. – 11. Október
Skotfimi	Óvist um mótshald	



Öldungamót, lið Suðurnesja.



Öldungamót, lið ÁFD/LRH.



Öldungamót, lið RLS/ESS.

Lokastaða	Stig	Mörk
Suðurnes	7	32 – 18
LRH/ÁFD	7	25 – 15
RLS/EES	4	16 – 18
LRH	2	18 – 23
Norðurland	0	14 – 31

Úrslit leikja					
	Suðurnes	LRH/ÁFD	RLS/EES	LRH	Norðurland
Suðurnes		5-5	9-3	8-6	10-4
LRH/ÁFD	5-5		5-2	7-3	8-5
RLS/EES	3-9	2-5		4-3	7-1
LRH	6-8	3-7			6-4
Norðurland	4-10	5-8	1-7	4-6	



Öldungamót, lið Norðurlands.



Öldungamót, lið LRH.



# SÉREIGN LSR

## Tekur við frjálsum viðbótarlífeyrissparnaði

### Séreign LSR byggir á traustum grunni

Hjá Séreign LSR eru engar þóknanir teknar eða umsýslugjöld. Eignastýring LSR sér um ávöxtun eigna samhliða öðrum eignum LSR, stærsta lífeyrissjóði landsins. Varfærni og reynsla einkennir eignastýringu fjárfestingarleiða Séreignar LSR.

Viðbótarlífeyrissparnaður er val hvers launþega. Samningur við Séreign LSR um sparnað veitir þér rétt á kjarasamningsbundnu mótframlagi launagreiðanda.



Lífeyrissjóður  
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11  
105 Reykjavík  
Sími: 510 6100  
Fax: 510 6150  
lsr@lsr.is

[www.lsr.is](http://www.lsr.is)